
Fornleifaskráning vegna lagningar jarðstrengs innan gamla Borgarhafnarhrepps í Suðursveit



SÓLVEIG G. BECK (RITSTJ.)
HÖFUNDAR EFNIS: BRYNJA ÁRNADÓTTIR, KRISTJANA
VILHJÁLMSDÓTTIR OG SÓLVEIG G. BECK

REYKJAVÍK 2024
FS986-24021

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS SES



*Á forsiðumynd má sjá útibúsatóft SF-066:005 í heimatúni
Uppsala, horft er til suðurs. Myndina tók Kristjana Vilhjálmsdóttir.*

©2024
FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS SES
BRÆÐRABORGARSTÍGUR 9
101 REYKJAVÍK

SÍMI: (+354) 5511033
NETFANG: fsi@fornleif.is
www.fornleif.is

EFNISYFIRLIT

ÚTDRÁTTUR	5
ABSTRACT	5
1. INNGANGUR	6
2. SAGA FORNLEIFASKRÁNINGAR OG LÖGGJÖF	8
3. AÐFERÐIR VIÐ FORNLEIFASKRÁNINGU	10
4. FORNLEIFASKRÁ	12
4.1. Borgarhafnarhreppur í Suðursveit, Austur-Skaftafellssýslu	12
4.1.1. Mörk, frá Smyrlabjörgum að Tröllaskörðum.....	12
4.1.2. Miðporp undir Kálfafellstindi	22
4.1.3. Fellshverfi, frá Steinavötnum í austri til Fellsár í vestri.	29
5. SAMANTEKT.....	42
5.1. Saga svæðisins.....	42
5.2. Ástand skráðra minja.....	47
5.3. Aðlögun legu jarðstrengs að skráðum minjum eftir vettvangsskráningu.	49
Strengur 1. Smyrlabjörg - Uppsálir - Tröllaskörð.....	49
Strengur 2a. Brunnar - Kálfafellsstaður.....	52
Strengur 2b. Leiti-Kálfafell.....	52
Strengur 3a. Steinavötn - Breiðabólstaðartorfa – Reynivellir.....	53
Strengur 3b. Steinar - Klifatangi.....	56
Niðurstöður	56
6. HEIMILDASKRÁ	58
Viðaukar.....	i
Viðauki 1 - Hnitaskrá ISN93	i
Viðauki 2 - Minjakort.....	ii

ÚTDRÁTTUR

Í þessari skýrslu er fjallað um niðurstöður deiliskráningar vegna fyrirhugaðrar lagningar þriggja jarðstrengja í gamla Borgarhafnarhreppi í Suðursveit, Austur-Skaftafellssýslu. Fornleifastofnun Íslands framkvæmdi skráninguna eftir beiðni frá RARIK á Austurlandi, með það að markmiði að meta áhrif framkvæmda á fornleifar á svæðinu. Úttektarsvæðið var þrískipt (strengir 1-3) og náði samtals yfir tæplega 17 km langt svæði sem fer í gegnum land 12 lögbýla í Mörk, Miðþorpi og Fellshverfi. Á vettvangi voru skráðar 46 fornleifar á 33 minjastöðum sem taldar voru í hættu, þar á meðal bæjarhólar, útihúsatóftir, gerði, garðlög og kálgarðar. Eftir endurskoðun og breytingar RARIK á legu jarðstrengsins út frá skráningu á vettvangi eru alls 22 minjar ennþá innan áhrifasvæðis. Talið er að með varkárni sé hægt að komast hjá raski á minjum að mestu leiti en það er í höndum Minjastofnunar Íslands að úrskurða um mótvægisáðgerðir.

Efnisorð: Fornleifastofnun Íslands, jarðstrengur RARIK, deiliskráning, Suðursveit, Borgarhafnarhreppur, Mörk, Miðþorp, Fellshverfi

ABSTRACT

This report discusses the results of an archaeological survey conducted in preparation for the installation of a power cable in the old Borgarhafnarhreppur in Suðursveit, Austur-Skaftafellssýsla. The Archaeological Institute of Iceland carried out the survey at the request of Iceland State Electricity (RARIK) in Austurland, aiming to assess the project's impact on archaeological sites in the area. The survey area was divided into three sections (cables 1-3), covering a total of nearly 17 km and passing through the land of 12 farms in Mörk, Miðþorp, and Fellshverfi. On-site, 46 archaeological sites across 33 locations, were deemed to be at risk, including farm mounds, outbuildings, enclosures, and garden plots. After RARIK revised and adjusted the cable routes based on the on-site survey, a total of 22 sites remain within the impact zones of the lines, but with careful planning, disturbance to these sites can largely be avoided.

Keywords: Institute of Archaeology in Iceland, underground powerline, RARIK, detailed archaeological survey, Suðursveit, Borgarhafnarhreppur, Mörk, Miðþorp, Fellshverfi

1. INNGANGUR

Á vormánuðum 2024 fór RARIK á Austurlandi þess á leit við Fornleifastofnun Íslands ses að taka að sér deiliskráningu (MÍ nr. 3230) vegna fornleifa innan áhrifasvæðis fyrirhugaðra jarðstrengja í gamla Borgarhafnahreppi í Suðursveit, Austur-Skaftafellssýslu. Áhrifasvæðið var þrískipt (mynd 1) og náði frá Smyrlabjörgum í Mörk yfir í land Hestgerðis (Heggsgerðis) í austri (strengur 1), frá Brunnum yfir að Kálfafelli undir Kálfafellstindi í Miðþorpi (strengir 2a og 2b), og milli Steinavatna og Reynivalla í Fellshverfi í vestri (strengja 3a og 3b). Vettvangsvinna fór fram 2.-4. apríl árið 2024 og sáu Brynja Árnadóttir, Kristjana Vilhjálmsdóttir og Sólveig G. Beck fornleifafræðingar um skráninguna. Gengið var skipulega um áhrifasvæðin, minjastaðir hnittsettir og sjáanlegar minjar uppmældar. Tekið var út tæplega 17 km langt og 30 m breitt svæði sem fer í gegnum land 12 lögbýla;

Strengur 1 (~5,5 km): Smyrlabjörg, Uppsálir, Hestgerði,

Strengir 2a (~0,97 km) og 2b (~1 km): Brunnar - Kálfafellsstaður og Leiti - Kálfafell (innra)


Strengir 3a (~8 km) og 3b (~1,15 km): Steinar, Gerði, Breiðabólstaður, Hali og Reynivellir.

Samtals voru skráðar 47 fornleifar á 33 minjastöðum í þessari skráningu. Engar fornleifar voru þekktar innan áhrifasvæða strengja 1, 2a-b, og 3b áður en verkið hófst. Minjar voru skráðar innan Breiðabólstaðartorfu árið 2020 af Sigríði G. Björgvinsdóttur, á bæjunum Breiðabólstað, Gerði og Hala (verknúmer MÍ 2093) og hafði RARIK því þegar hannað legu strengs 3a þar um túnin sem þræddi framhjá skráðum minjum. Vala Garðarsdóttir gerði einnig deiliskráningu í Efriðbæ á Reynivöllum árið 2022, en engar fornleifar sem þá voru skráðar náðu inn fyrir áhrifasvæði strengjar 3a í landi Reynivalla.¹ Við skráningu 2024 bættust við fjórir minjastaðir á Breiðabólstaðartorfunni innan áhrifasvæðis strengjar 3a, allar eru þær sýndar á túnakorti torfunnar frá 1918 en höfðu ekki verið skráðar 2020.

Þar sem ljóst þótti á vettvangi að fyrirhugaður jarðstrengur myndi raska fornleifum var nærliggjandi umhverfi minjanna skoðað í þeim tilgangi að geta lagt fram tillögur að mögulegri tilfærslu á strengleið. RARIK brást vel við, endurskoðaði staðsetningar og settar voru fram breytingar þar sem mögulegt var. Eftir endurskoðun var tveimur minjastöðum bætt við skráninguna af loftmynd vegna breytinga frá upprunalegri legu jarðstrengsins innan jarðanna Kálfafellsstaðar (SF-069:005) og Steina (SF-074:009). Áhrif á minjar sem rædd eru í niðurstöðum þessarar skýrslu eru metin eftir endurbætur á línuleiðum að lokinni vettvangsskráningu.

¹Vala Garðarsdóttir, 2022. *Fornleifaskráning við Reynivelli II: Efriðbæ*. Fornleifaskráning vegna deiliskipulags. VG fornleifarannsóknir. Verknúmer MÍ 2766.

Skýrslan er þannig uppbyggð að á eftir inngangi kemur í öðrum kafla yfirlit um fornleifaskráningu og löggjöf um minjavernd í landinu. Í þriðja kafla er svo farið yfir skráningakerfi Fornleifastofnunar Íslands og fjórði kafla inniheldur lýsingar, teikningar og ljósmyndir af skráðum minjum. Í fimmta kafla eru teknar saman helstu upplýsingar sem safnað var við úttektina og teknar saman helstu niðurstöður. Aftast í skýrslu eru svo heimildaskrá, ásamt minjakortum og hnitaskrá (ISN93) í viðaukum. Allar ljósmyndir í skýrslunni eru teknar af skrásetjurum en kort og loftmyndir eru frá Landmælingum Íslands og Loftmyndum ehf.



Mynd 1. Yfirlitsmynd af deiliskráningarsvæðum í gamla Borgarhafnarbreppi í Suðursveit Austur-Skaftfellssýslu í apríl 2024 Loftmynd: Loftmyndasjá Landmælinga Íslands, 2024. Íslandskort: Landmælingar Íslands, 2024.

2. SAGA FORNLEIFASKRÁNINGAR OG LÖGGJÖF

Hátt á aðra öld er liðið síðan skráning fornleifa hófst á Íslandi en þó er enn langt í land að til sé heildstæð skrá um fornleifar á landinu. Á síðustu áratugum 19. aldar voru margir minjastaðir kannaðir á vegum Hins íslenska fornleifafélags, einkum staðir sem á einn eða annan hátt tengdust fornsögum og sögu þjóðveldisins. Eftir aldamótin 1900 dró úr fornleifakönnun á vegum félagsins og var þráðurinn ekki tekinn upp að nýju fyrr en um og eftir 1980.

Skóðanir manna á því hvað teljast fornleifar hafa breyst mikið á þessum tíma. Byggingar sem voru hversdagslegar fyrir hundrað árum eru nú orðnar minjar um horfna lífshætti. Skilningur hefur vaknað á nauðsyn þess að skrá upplýsingar um slíkar minjar og vernda þær fáu sem eftir eru fyrir komandi kynslóðir. Nauðsynlegra upplýsinga um gerð og ástand fornleifa er aðeins hægt að afla með vettvangsathugun og við það er venjulega átt með hugtakinu fornleifaskráning (ýmist aðal- eða deiliskráning). Til þess að vettvangsathugun komi að fullu gagni verður þó fyrst að taka saman ýmsar upplýsingar, bæði skriflegar og munnlegar, sem vísa á minjastaði og geta gefið vísbendingar um hlutverk mannvirkjaleifanna (svæðisskráning).

Á undanförnum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 3. grein laga um menningarminjar (nr. 80, 2012), eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: „Fornleifum, [...] jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað [...]“. Er þessi fornleifakönnun í anda markmiða sem sett hafa verið með þessari löggjöf. Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar gerir kröfur um fjölþætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn enda er skilgreining á fornleifum í þjóðminjalögum víðtæk. Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

- a. búsetulandslag, skráðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
- c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,

- d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
- e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
- f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið, i. skipsflök eða hlutar þeirra.

Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar.

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari skilgreiningu er fylgt við hefðbundna fornleifaskráningu. Friðhelgað svæði umhverfis fornminjar skal vera 15 metrar nema annað sé ákveðið í samvinnu við Minjastofnun Íslands, og 100 m umhverfis allar friðlýstar fornleifar. Ef nauðsynlegt er talið að spilla fornleifum eða hylja þær, þarf að leita heimildar Minjastofnunar Íslands.


3. AÐFERÐIR VIÐ FORNLEIFASKRÁNINGU

Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar hefur hver sýsla skammstafað heiti (ÁR, SP o.s.frv.) og hver jörð hefur þriggja stafa númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því. Skipting jarða um miðja 19. öld ræður ekki aðeins númerum í skránni heldur er miðað við hana þegar ákvarðað er hvaða jörð ákveðnir minjastaðir tilheyra. Hverjum minjastað er gefin kennitala sem er þriggja stafa númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: ÁR-142:013). Ef fleiri en ein fornleif er á minjastað bætist einingannúmer aftan við (dæmi: NM-162:001_01). Í skýrslunni eru aðeins birtar upplýsingar um þær minjar sem eru innan áhrifasvæðisins. Af þeim sökum er númeraröðin ekki samfelld í fornleifaskránni. Í skránni fær hver minjastaður eina efnisgrein og er framsetning upplýsinganna stöðluð. Í fyrstu línu hvernar greinar eru grunnupplýsingar; auðkennisnúmer, sérheiti, tegund, hlutverk og hnattstaða. Á eftir auðkennisnúmeri kemur sérheiti hennar ef eitthvert er og síðan tegund. Með tegundarflokkun er leitast við að skilgreina hvers eðlis fornleifin er, þ.e. hvort um er að ræða mannvirki af einhverju tagi sem enn sést, og þá hverskyns (t.d. tóft, garðlag eða varða), mannvirki sem vitað er um en er horfið (heimild, örnefni) eða fornleif sem ekki hefur verið mannvirki (álagablettur, sögustaður eða vað). Allir fornleifastaðir eru greindir til tegundar en hlutverk þeirra er ekki alltaf hægt að ákvarða.

Á eftir hlutverki kemur hnattstaða minjastaðarins. Mæling hnattstöðu er gerð með GPS staðsetningartækjum af gerðinni Trimble Geoexplorer 6000 (ISN93) og er annars vegar mældur punktur með kennitölu í miðju hvers minjastaðar og þar sem yfirborðsummerki sjást er gerð uppmæling af þeim. Samkvæmt lögum hafa allar fornleifar 15 m friðhelgað svæði frá ystu mörkum minjastaðarins en friðlýstar fornleifar 100 m friðhelgi. Þar sem getur um „heimild um...“ t.d. útihús, þá er átt við að eingöngu eru til heimildir um staðinn en minjar hafa ekki fundist á vettvangi við skrásetningu. Þótt engar minjar hafi fundist, er engu að síður tekin hnattstaða staðarins ef unnt hefur verið að ákvarða hann á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga með 50 metra fráviki eða minna.

Í annarri línu hefst lýsing minjastaðar oftast á tilvitnun í fyrirliggjandi heimildir en síðan er staðsetningu hans lýst. Þar á eftir kemur oft lýsing á aðstaðum og síðast lýsing á mannvirkinu sjálft ásamt öðrum upplýsingum sem við eiga.

Í næstsíðustu línu er lagt mat á þá hættu sem minjastaðurinn kann að vera í. Meginreglan í skráningu er að minjastaðir sem eru innan marka deiliskipulags séu í stórhættu vegna framkvæmda. Með því er ekki lagt mat á gildi minjastaðanna sjálfra, aðeins vakin athygli á að umræddur staður kunni að teljast í talsverðri hættu vegna framkvæmda. Í mörgum tilfellum má afstýra yfirvofandi hættu með því að tryggja að minjastaðir víki ekki eða verði fyrir skaða í framkvæmdum. Í síðustu línu er getið heimilda ef einhverjar eru, oft með skammstöfunum, en úr þeim er leyst í heimildaskrá aftast í skýrslunni.



Mynd 2. Dæmi um framsetningu upplýsinga um minjar í skýrslum Fornleifastofnunar Íslands. Skýringar hér að ofan eiga við um allar teikningar og kort sem finnast í þessari skýrslu.

Skýringar

Skráning 2024

- Minjastaðir
- Leiðir
- Útlínur
- Klettur
- Bæjarhólar
- Þústir

- Torf
- Torf og grjót
- Grjót
- Skráð af loftmynd

Strengir RARIK

- Upprunaleg áhrifasvæði
- Endurskoðuð áhrifasvæði

Mynd 3. Skýringar á framsetningu úttektasvæða, uppmældra minja og minjastaða sem gilda fyrir öll minjakort sem og teikningar í fornleifaskrá þessarar skýrslu.

4. FORNLEIFASKRÁ

4.1. Borgarhafnarhreppur í Suðursveit, Austur-Skaftafellssýslu

4.1.1. Mörk, frá Smyrlabjörgum að Tröllaskörðum

SF-065 Smyrlabjörg

1708: 12 hndr., konungsjörð (JÁM XIII, 430). 1847: 12 hndr., bændaeign (JJ, 4). „Jörðin er fremur landlítill, en þó hefur þar alltaf verið tvíbýli og oft þríbýli og vel búið oft á tíðum“ (BAS II, 158). 1708/1709 segir í Jarðabók Ísleifs Einarssonar um hjáleigu Smyrlabjarga, Nípur (skrifað Nýpur í manntali 1703): „Hjáleiga, byggð úr Smyrlabjargar heimalandi. Dýrleikinn er haldinn 4^c og reiknaður með heimajörðunni. Landsk. 1x ál. Kúgildi ekkert.“ (JÁM XIII, 430). „Á Nípum var býli fram undir 1800, hjáleiga frá Smyrlabjörgum“ (BAS II, 158). 1805: Landskuld eyðihjáleigunnar Núpa talin með landskuld Smyrlabjarga. (JJ, 4, neðanmálgrein 1). „Jörð þessi var 1836 seld, sem ein af Skaptafells sýslu jörðum.“ Jörðin var hugsanlega sett af um 1760 vegna Kötlugossins 1755 (JJ, 4, neðanmálgrein 1).

Túnakort 1918: Tún 4,9 teigar. Þýft 1/10. Garðar 2347 fernings stikur. Tveir ábúendur. „Reka á jörðin fyrir sínu landi. Skógarítak í Skálafellshvömmum, mjög lítilfjörlegt, sem kallast Hvilft.“ (JÁM XIII, 430). 8.10.1855: „Smyrlabjörg eru 12 hndr. að dýrleika, kostalítill og landþröng, tún lítil, en góð og áfallalaus, engjar góðar en þeim annmarka bundnar, að þegar Borgarhafnarós stendur uppi, gengur hann yfir þær allar. Er því árlega verið að moka hann út með miklum kostnaði og fyrirhöfn.“ (SSS, 134).

SF-065:004 heimild um traðir

A 659433 N 416792

Á túnakorti frá 1918 er merkt gata, um 120 m að lengd, sem liggur heim að bæ 001 að Smyrlabjörgum úr ASA. Þar sem gamla gatan var áður er nú nýlegur malbikaður vegur sem liggur frá Þjóðvegi 1 upp að bænum. Vegurinn liggur í norðaustur-suðvestur og er um 302 m að lengd. Leifar eldri malarvegjar eru fast suðvestan malbikaða vegarins. Þessi gamli vegur rennur saman við hinn nýja um 90 m áður en komið er að malbikuðu bílastæði framan við bæinn. Ekki er ljóst hvenær sá gamli féll úr notkun og ekkert sést til gömlu götunnar á þessu svæði.

Heimildir: Túnakort 1918.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Tímabundið hættumat: stórhætta vegna framkvæmda.



Mynd 4. Heimreiðin heim að Smyrlabjörgum, horft til norðvesturs.

SF-065:016 þúst óþekkt

A 659464 N 416653

Þúst er um 294 m suðaustan við núverandi íbúðarhús á Smyrlabjörgum í hugsanlegum náttþaga 044_02. Þústin er um 294 m suðaustan við bæ 001 og er mitt á milli kálgarða 042_1 og 043. Þústin er staðsett í þýfðum móa við suðausturhlið grasigróinnar hliðar. Í hliðinni eru tré sem þústinni gæti stafað hættu af í náninni framtíð. Þústin er sporöskjulaga, grasi vaxin og töluvert þýfð. Hún er um 12x7 m að stærð, um 0,6 m á hæð og snýr í norðaustur-suðvestur. Engir veggir eru sjáanlegir en þeir hafa líklega verið grjóthlaðnir þar sem einstöku grjót er ofan á þústinni. Ekki er ljóst hvaða hlutverki þústin hefur gegnt.

Heimildir: Túnakort 1918.

Hættumat: hættu vegna trjáræktar.

Tímabundið hættumat: engin hættu vegna framkvæmda.



Mynd 5. Þúst 016 í náttþaga 044_02, horft til NN.

SF-065:040 garðlag óþekkt

A 659760 N 417732

Hluti garðlags er um 990 m norðaustan við núverandi íbúðarhús á Smyrlabjörgum og um 550 m austan við Smyrlabjargarvirkjunina. Þýfð mýri er allt umhverfis garðinn. Fast sunnan garðsins er sléttu tún og fast norðan hans er malarvegur. Lítið garðlag gengur út úr sléttu túni úr suðri til norðurs að malarvegi. Garðurinn er um 13x1,5 að stærð og um 0,6 m á hæð þar sem hann er hæstur. Hann er mjög hlaupinn í þúfur og reglulega rof í honum.

Heimildir: engar.

Hættumat: engin hættu.

Tímabundið hættumat: engin hættu vegna framkvæmda



Mynd 6. Garðlag 040, horft til NN.

SF-065:042_01 garðlag kálgarður

A 659477 N 416668

Kálgarður er um 290 m suðaustan við bæ 001 innan svæðis sem merkt er sem náttþagi á örnefnakorti landmælinga Íslands. Kálgarður 02 er byggður við norðausturhlið kálgarðs 01. Kálgarðurinn er staðsettur á grasivöxnu, léttþýfðu svæði við suðausturhlið grasigróinnar hliðar. Efst í hliðinni eru klettur og hefur greni- og birkitrjám verið plantað víða í henni sem eru farin að þrengja að kálgarðinum. Til norðausturs er gamli vegurinn 004 og til suðausturs er Uppsalaáin. Kálgarður 01 er ferhyrndur, um 20x13 m að utanmáli og snýr í norðaustur-suðvestur. Veggirnir eru torf- og grjóthlaðnir, um 1 m á breidd og mjög grónir svo ekki er hægt að greina fjölda umfara. Suðausturveggurinn er um 1,30 m að hæð að utan en aðeins um 0,2 m að innan. Innangengt hefur verið í kálgarðinn á suðvesturgafli. Norðvesturveggur kálgarðsins er aðeins einföld steinaröð og er hún ofarlega í smá hlið sem hallar til suðausturs. Trén í hliðinni eru allstaðar umhverfis

kálgarðinn og búin að planta sér inn í hann.


Heimildir: Örnefnalag Landmælinga Íslands, 2024.

Hættumat: hætta vegna trjáræktar.

Tímabundið hættumat: engin hætta vegna framkvæmda.



Mynd 7. Kálgarðar 042_01 (vinstri, horft til NNV) og 042_02 (hægri, horft til norðvesturs).



Mynd 8. Minjar 042_01-02, 043 og 044_01-02 í landi Smyrlabjarga norðan Uppsalaár í Uppsalaálgili. .

SF-065:042_02 garðlag kálgarður

A 659483 N 416680

Kálgarðurinn er staðsettur á grasivöxnu, léttþýfðu svæði við suðausturhlíð grasigróinnar hlíðar. Efst í hlíðinni eru klettar og hefur greni- og birkitrjám verið plantað víða í henni. Til norðausturs er gamli vegurinn 004 og til suðausturs er Uppsalaáin. Kálgarður 02 er ferhyrndur, um 6x6 m að utanmáli og er í smá halla til austurs. Veggirnir eru torf og grjóthlaðnir mest um 1 m á breidd og um 0,5 m á hæð. Ekki er hægt að greina fjölda umfara vegna þess hve grónir þeir eru. Á suðvesturgafninum er 2 m breiður inngangur og eru birkitré farin að sá sér inni í garðinn.

Heimildir: engin.

Hættumat: hætta vegna trjáræktar.

Tímabundið hættumat: engin hætta vegna framkvæmda.

SF-065:043 garðlag kálgarður

A 659446 N 416637

Kálgarður er um 290 m suðaustan við bæ 001 innan svæðis sem merkt er sem nátthagi á örnefnakorti Landmælinga Íslands. Kálgarðurinn er staðsettur á grasivöxnu, léttþýfðu svæði við suðausturhlið grasigróinnar hliðar. Efst í hliðinni eru klettur og hefur greni- og birkitrjám verið plantað víða í henni sem eru þau farin að þrengja að kálgarðinum. Til suðausturs er Uppsalaáin. Kálgarðurinn er ferhyrndur, um 21x11 m að stærð og snýr í norðaustur-suðvestur. Garðurinn er torf og grjóthlaðinn en ekki er hægt að greina fjölda



Mynd 9. Kálgarður 043, horft til NNV.

umfara. Suðausturveggurinn er um 0,8 m að hæð að utan en aðeins um 0,2 m að innan. Óvíst er hvort innangengt hefur verið í kálgarðinn á suðvestur- eða norðausturgaflinum þar sem veggurinn er rofinn á báðum hliðum. Norðvesturveggur kálgarðsins hefur verið ofarlega í hlið sem er aflíðandi til suðausturs en ekki sést til hans. Trén í hliðinni eru komin inn í kálgarðinn og hafa því líklega raskað norðvesturveggnum.

Heimildir: Örnefnalag Landmælinga Íslands, 2024.

Hættumat: hætta vegna trjáræktar.

Tímabundið hættumat: engin hætta vegna framkvæmda.

SF-065:044_01 garðlag landamerki

A 659442 N 416597

Garðlag 01 er um 290 m suðaustur af bæ 001. Það liggur meðfram suðurhlið afmarkaðs svæðis sem merkt er sem Nátthagi (sjá 044_02) á örnefnakorti Landmælinga Íslands, til vesturs upp hliðina að Neðra-Sjónarbergi. Nátthaginn er tiltölulega slétt grasi vaxið svæði, afmarkað af Uppsalaá til suðausturs en af klettabelti til norðvesturs. Gaddavírsgirðing er meðfram ánni og garðlaginu. Ofar er hálfgróin hlið, brött á köflum og víða skorin af klettum. Garðlag 01 er grjóthlaðið og eru víðast 1-3 umför af grjóti í hleðslum. Garðlagið liggur u.þ.b. austur-vestur og er garðlagið alls um 290 m á lengd. Það var rakið um 110 m frá austurenda á vettvangi, að punkti þar sem garðlagið breytir lítilla stefnu en skýr garður liggur áfram upp hliðina. Á því svæði sem athugað var á vettvangi er garðlagið um 10-20 cm á hæð og 30 cm á breidd og er grjót í hleðslum vaxið skófum og mosa. Garðlagið er líklega landamerkjagarður milli Smyrlabjarga og Uppsala SF-066, en hefur mögulega einnig verið



Mynd 10. Landamerkjagarðlag 044_01, horft til vesturs.

hluti af nátthaga 02.

Heimildir: engar.

Hættumat: hætta vegna vatnsaga.

Tímabundið hættumat: stórhætta vegna framkvæmda.

SF-065:044_02 heimild nátthagi

A 659473 N 416627

Nátthagi 02 er afmarkaður af brattri brekku til norðvesturs en er afmarkaður af gaddavírsgirðingu á aðrar hliðar og er svæðið um 130 x 50 m að stærð (norðaustur-suðvestur). Ekki er greinileg hleðsla umhverfis nátthagann nema á suðurhlið þar sem landamerkjagarður 01 liggur meðfram nátthagannum.

Heimildir: engar.

Hættumat: hætta vegna vatnsaga.

Tímabundið hættumat: stórhætta vegna framkvæmda.



Mynd 11. Nátthagi 044_02 og garðlag 044_01 (lengst til hægri), borft til austurs.

SF-066 Uppsálir

1708: 6 hndr., konungsjörð (JÁM XIII, 432). 1847: 6 hndr., bændaeign. Jörðin var seld 1836 og talin með svokölluðum Austfjarðajörðum (JJ, 4 og neðanmálsgrein 2). „Uppsálir voru kóngsjörð með 2 kúgildum, landskuld 50 álnir. Jörðin var seld 16. marz 1836 á 300 rd. og hefur verið bændaeign síðan“ (BAS II, 167). Á jörðinni var tvíbýlt öðru hvoru. (BAS II, 167).

Túnakort 1918: Tún 2,5 teigar. Garðar 1135 fernings stikur. Tveir ábúendur. „Skógarítak á jörðin fyrir sínu landi. Skógarítak á jörðin á Kálfafellsdal, sem kallast Hestgerðisskógur“ (JÁM XIII, 432). 8.10.1855: „[...] landkosta- og slægjultil jörð, 6 hndr. að dýrleika“ (SSS, 134). „Í hólum nokkrum í Borgarhafnarós, sem tilheyrir Borgarhöfn, Hestgerði og Uppsölum, er lítið æðarvarp [...]“, (SSS, 139). „Uppsálir eru lítill jörð, fjalllendi á jörðin ekkert, eftir að kemur upp á hæstu brúnirnar fyrir ofan bæinn. [...] Túnið var ekkert stórt, en fremur grasgefið, óslétt bæði af þýfi og klettaásam. Fyrir vestan tún á Uppsölum, vestur með fjallinu, heitir Litli-Hvammur. Þar var flatt mýrlendi og grónar brekkur. Nú er búið að ræsa og rækta mýri þessa, og er hún orðin bezta tún. Uppsálir eiga smáreka allan af Skálafellsfjöru, og einnig áttu Uppsálir skógarítak á Steinadal, og heitir þar Uppsálaskógur“ (BAS II, 167).

SF-066:001_01 Uppsálir bæjarstæði bústaður

A 659040 N 416137

„Fyrir vestan og neðan Uppsalaá gengur hraunháls til suðausturs ofan frá fjalli og endar í lágum sporði í suður frá Smyrlabjörgum. Þetta er Uppsalaháls. Bærinn Uppsálir stendur efst á hálsinum og er næsti bær fyrir vestan Smyrlabjörg. Á milli bæjanna er um 1 km“ segir í Byggðasögu Austur-Skaftafellssýslu II. Á túnakorti frá 1918 er bærinn merktur í miðju túni og hefur hann snúið stöfnum til suðausturs. Heygarður 02 er fast norðan bæjar 01. Bæjarhóllinn er á hæð sem hallar niður að Þjóðvegi 1 til suðausturs niður að gili Uppsalaár til norðvesturs. Austantil á bæjarhólnum eru steinsteypt íbúðar- og útihús í niðurníðslu. Útihús er einnig fast suðvestan við hólinn, að hluta nýlega uppgerð. Malarplan er umhverfis húsin suðvestan við hólinn en grasi gróið á sjálfum bæjarhólnum. Suðastan bæjar er sléttað tún.



Mynd 12. Bæjarhóllinn að Uppsölum, horft til norðurs.

Bæjarhóllinn er um 49,5 x 38,5 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Gamli bærinn var sunnarlega á hólnum, milli þeirra bygginga sem nú standa á bæjarstæðinu en bæjarhúsin hafa náð yfir suðvesturhlið hólins miðað við túnakort. Hóllinn er hæstur um 2,5 m en suðvesturmörk hans eru að hluta óskýr. Hóllinn fellur þar að hluta saman við náttúrulega hólmyndun en einnig hefur að hluta verið grafið fyrir byggingum inn í hólinn. Bæjarhóllinn er að mestu sléttur en þýft er vestan við byggingarnar sem standa á hólnum.

Bæjarhóllinn er um 49,5 x 38,5 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Gamli bærinn var sunnarlega á hólnum, milli þeirra bygginga sem nú standa á bæjarstæðinu en bæjarhúsin hafa náð yfir suðvesturhlið hólins miðað við túnakort. Hóllinn er hæstur um 2,5 m en suðvesturmörk hans eru að hluta óskýr. Hóllinn fellur þar að hluta saman við náttúrulega hólmyndun en einnig hefur að hluta verið grafið fyrir byggingum inn í hólinn. Bæjarhóllinn er að mestu sléttur en þýft er vestan við byggingarnar sem standa á hólnum.

Heimildir: Túnakort 1918; BAS II, 166.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Tímabundið hættumat: stórhætta vegna framkvæmda.

SF-066:001_02 heimild um heygarð

A 659046 N 416151

Á túnakorti frá 1918 er heygarður 02 fast norðvestan við bæ 01, þar sem nú er steinsteypt útihús. Ekki sjást merki um garðinn á yfirborði.

Heimildir: Túnakort 1918.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Tímabundið hættumat: stórhætta vegna framkvæmda.

SF-066:002 heimild um kálgarð

A 659056 N 416128

Á túnakorti frá 1918 er kálgarður um 5 m sunnan við bæ 001. Þar sem kálgarðurinn var er nú sléttað tún. Ekki sjást merki um kálgarðinn á yfirborði og hafa minjarnar verið sléttaðar í tún.

Heimildir: Túnakort 1918.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Tímabundið hættumat: stórhætta vegna framkvæmda.

SF-066:005 tóft útihús

A 659162 N 416141

Á túnakorti frá 1918 er útihús um 110 m suðaustan við bæ 001 og um 11 m suðvestan við tóft 019. Tóft útihússins er sunnarlega á aflöngu holti eða hæð sem liggur SSV-NNA. Syðri hluti holtsins er grasi gróinn og þýfður en klettar norðar.

Tóftin er um 10 x 6,5 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur, með op á miðri suðausturhlið. Hún er hlaðin úr torfi og grjóti en er grafin inn í holtið norðvestantil. Hæð veggja er víðast um 30-60 cm að utanverðu, hæst suðaustast en 50-170 cm að innanverðu, hæst norðvestast. Breidd veggja er 1-1,5 m. Tóftin er að mestu grasi gróin en hleðslur sjást að hluta að innanverðu þó töluvert sé tekið að gróa yfir þær. Mest eru greinanleg 6-7 umför af grjóti á norðvesturhlið.



Mynd 13. Útihústóft 005, horft til NNV.

Heimildir: Túnakort 1918.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Tímabundið hættumat: hætta vegna framkvæmda.

SF-066:018 garðlag vörslugarður

A 659033 N 415949

Garðlag er um 170 m suðvestur af bæ 001, miðja vegin milli núverandi íbúðarhúss á Uppsölum 1 og gamla bæjarstæðisins 001. Samkvæmt núverandi ábúanda, Ingvari Þóri Geirssyni, markaði garðlagið nytjasvæði í búskapartíð langömmu og -afa hans.

Garðlagið liggur um þýft graslendi í aflíðandi halla til suðausturs að Þjóðvegi 1. Skurður liggur norðaustur-suðvestur um 55 m norðvestan vegarins og endar garðlagið við skurðinn. Frá skurðinum liggur garðlagið alls um 103 m til norðvesturs en er víða rofið, á allt



Mynd 14. Garðlag 018, horft til SSA.

að 15 m löngum köflum. Breidd garðlagsins er víðast 1,5-2 m. Það er torfhlaðið og grasi gróið, 50-65 cm á hæð þar sem það er hæst, en víða lægra, um 20 cm á hæð. Á köflum, þar sem garðlaginu

hefur verið raskað en það er ekki að fullu horfið af yfirborði, er miðja garðlagsins jöfn jörðu en lág upphækkun greinanleg við brúnir þess.

Heimildir: heimildamaður, Ingvar Þór Geirsson, 2024.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Tímabundið hættumat: stórhætta vegna framkvæmda.

SF-066:019 tóft útihús

A 659143 N 416135

Tóft er um 95 m austur af bæ 001 og um 11 m suðvestan við tóft 005. Tóftin er innan heimatúns Uppsala eins og það er teiknað á túnakort frá 1918 en er ekki teiknuð inn á kortið. Líklegast er um útihús af einhverju tagi að ræða.

Tóftin er sunnarlega á aflöngu holti eða hæð sem liggur SSV-NNA. Syðri hluti holtsins er grasi gróinn og þýfður, en klettur norðar. Tóftin er um 7 x 5 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur, með um 70 cm op á miðri suðvesturhlið. Hún er hlaðin úr torfi og grjóti en er grafin inn í holtið norðvestan- og norðaustantil. Hæð veggja er víðast 30-75 cm að utan og innan, en norðvesturhlið er jöfn jörðu að utanverðu. Breidd veggja er um 1-2,5 m, breiðust norðaustantil. Tóftin er að mestu grasi gróin en hleðslur sjást að hluta að innanverðu. Þær eru þó töluvert teknar að liðast í sundur og tekið er að gróa yfir þær. Mest eru greinanleg 5 umför af grjóti við inngang.

Heimildir: engar.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Tímabundið hættumat: stórhætta vegna framkvæmda.



Mynd 15. Útibústóft 019, horft til vesturs heim að bæ.

SF-066:020_01 gerði óþekkt

A 659243 N 416232

Gerði 01, tvær tóftir, 02 og 03, og garðlag 04, eru um 200 m norðaustur af bæ 001. Minjarnar ná yfir svæði sem er alls um 138 x 74 m að stærð og snýr VNV-ANA. Minjarnar eru á og milli tveggja klettaholta sem bæði liggja SSV-NNA. Það stærra er vestar og er syðri hluti þess grasi gróinn og þýfður en klettur norðar. ASA-hlið stærra holtsins markast afþverhniptum klettum, um 3 m á hæð. Eystra holtið er mun minna og lægra, um 1 m á hæð. Þýft graslendi er á milli holtanna, og hallar nokkra metra niður af vestara holtinu en annars er svæðið að mestu á jafnsléttu. Gömul fjárhús eru um 40 m suðvestan við minjasvæðið og liggur gróinn slóði frá þeim og í gegnum minjasvæðið. Uppsalaá rennur vestan stærra holtsins.

Gerði 01 er milli holtanna tveggja og skiptist í þrjú hólf. Aðalhólf I er um 65 x 41 m að stærð (61 x 40 m að innanmáli) og snýr SSV-NNA. Það nýtir klettabelti stærra holtsins fyrir VNV-hlið



Mynd 16. Gerði 020_01, horft til vesturs.

en ASA-hlið er hlaðin ofan á lægra holtið, meðfram VNV-brún þess. Op er á hólfinu á tveimur stöðum, austarlega á SSV-hlið og vestarlega á NNA-hlið þar sem slóði liggur í gegn. Innan í aðalhólfinu, í SSV-horni þess, eru tvö minni hólf. Hólf II er um 31 x 5 m að innanmáli. Það snýr SSV-NNA og nýtir líkt og aðalhólfíð klettana fyrir VNV-hlið. Op eru á hólfinu á báðum skammhliðum og liggur slóðinn þar í gegn. Hólf III er upp við hólf II og SSV-hlið hólf I. Það er um 14 x 4 m að innanmáli og liggur VNV-ASA. Enginn inngangur er greinilegur í hólfið. Gerðið er hlaðið úr torfi og grjóti og sést grjót vel á SSV-hlið en annars er að mestu gróið yfir hleðslur. Hæð hleðsla er víðast um 20-40 cm en hleðslur í hólfi II eru um 60 cm að innanverðu en allt að 120 cm að utanverðu. Breidd veggja er víðast 1-1,5 m, en minni, um 50 cm á ASA-hlið hólf I. Út frá ASA-hlið hólf I liggur garðlag til ASA ofan á litla holtinu. Garðlagið endar við eystri brún holtisins og er um 12 m á lengd, 60 cm á hæð og 1 m á breidd. Það er u.þ.b. í stefnu við garðlag 04 og hefur mögulega verið framhald af því. Hlutverk gerðisins er ekki þekkt en líklega hefur verið um rétt eða annað aðhald að ræða.

Heimildir: engar.

Hættumat: engin hætta.

Tímabundið hættumat: stórhætta vegna framkvæmda.



Mynd 17. Útibústóftir 020_02 (vinstri, horft til NNA) og 020_03 (hægri, horft til NNV).

SF-066:020_02 tóft útihús

A 659210 N 416213

Tóft 02 er hlaðin upp við klettabeltið, rúnum 2 m suðvestan við gerði 01. Hún er um 6,5 x 6 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur með inngang á miðri norðausturhlið. Inngangurinn er að hluta samfallinn en er um 30 cm á breidd. Hún er hlaðin úr torfi og grjóti og nýtir klettana fyrir norðvesturhlið. Tóftin er u.þ.b. að helmingi enn undir þaki norðvestan og suðvestantil, torflæddu bárujárni. Sperrur liggja ofan í tóftinni. Tóftin er að mestu grasi gróin að utanverðu en hleðslur sjást við inngang og að innanverðu og eru mest teljanleg 6-8 umför af grjóti. Breidd veggja er um 1,5 m og hæð 1-1,3 m. Hlutverk tóftarinnar er óþekkt.

Heimildir: engar.

Hættumat: engin hætta.

Tímabundið hættumat: engin hætta vegna framkvæmda.

SF-066:020_03 tóft útihús

A 659237 N 416267

Tóft 03 er innan í gerði 01, í NNV horni þess um 3 m frá NNA-hlið gerðisins. Tóftin er um 2 m frá klettabeltinu en er grafin inn í brekkuna upp við holtið að norðvestanverðu. Tóftin sjálf er um

7 x 7 m að stærð en út frá suðurhorni liggur garðlag áfram um 3 m til suðausturs. Inngangur er á suðausturhlið, við suðurhorn. Hann er að hluta samfallinn en er um 40 cm á breidd. Tóftin er grasi gróin að utanverðu en grjót sést að innan, skýrast á norðvesturhlið þar sem 8-9 umför af grjóti eru greinileg. Hæð að utanverðu er mest um 70 cm en lækkar til norðvesturs. Hæð að innanverðu er mest um 1,8 m á norðvesturhlið en um 85 cm á suðausturhlið. Garðlagið sem liggur út frá tóftinni er óljósara en tóftin sjálf, um 20-25 cm á hæð. Breidd veggja er víðast 1-2 m en rúmir 3 m á suðausturhlið. Tímur- og bárujárnsbrak er inni í tóftinni. Hlutverk tóftarinnar er óþekkt.

Heimildir: engar.

Hættumat: engin hætta.

Tímabundið hættumat: engin hætta vegna framkvæmda.

SF-066:020_04 garðlag vörslugarður

A 659214 N 416231

Á loftmynd sést garðlag 04 sem liggur frá Uppsalaá til suðausturs, yfir vestara holtið og endar á brún þess, ofan (vestan) við gerði 01. Garðlagið er um 97 m á lengd og 1 m á breidd en virðist rofið á nokkrum stöðum, og liggur leið SF-631:002 í gegnum það. Garðlagið var ekki rakið á vettvangi, en þar sem það endar við brún holtsins eru leifar af girðingastaurum og er líklegt að garðlagið hafi verið hlaðið undir girðingu.

Heimildir: engar.

Hættumat: engin hætta.

Tímabundið hættumat: engin hætta vegna framkvæmda.



Mynd 18. Minjabyrping 020_01-04 í heimatúni Uppsala.

4.1.2. Miðþorp undir Kálfafellstindi

SF-069 Kálfafell (Kálfafellsstaður)

1708: Jarðardýrleiki óviss. Beneficium (JÁM XIII, 431). Hjáleigur Kálfafells eru 6; Brunnar, Svíri, Stöðullinn, Hellar, Butra og Leiti. Þar að auki er jörðin Steinar (SF-074) kirkjujörð Kálfafellsstaðar (JÁM XIII, 431-432). 1847: 10 hndr. Beneficium. Kirkjustaður. Hjáleigurnar Brunnar SF-070, Hellrar SF-071, Leiti SF-072 og Butra SF-073 í byggð, metnar á 3 hndr. hver (JJ, 5). Ólafskirkja er eina kirkjan í sókninni og er hún staðsett á jörð Kálfafells (SSS, 140). „Jb. 1760 telur allt Kálfafell, er sýslumaður og prestur kalla Kálfafellsstað, 22 h. að dýrleika, en sýslumaður skiptir dýrleikanum niður [...]. (JJ, 5, neðanmálgrein 5). 1805: Butra, Svíri og Stöðull eyðihjáleigur“ (JJ, 5, neðanmálgrein 5). 8.10.1855: Dýrleiki jarðarinnar, með hjáleigum meðtöldum, er 22 hndr. Fimm hjáleiganna eru komnar í eyði; Bitra/Butra, Leiti, Hellar, Stöðull og Svíri. Hjáleigan Hellar var færð úr túni og heitir nú Fljótsbakki. Bitra/Butra og Leiti voru einnig í túni að Kálfafellsstað áður en þær voru lagðar niður (SSS, 135 og 141). Í Brennu-Njáls sögu segir að Kolur Þorsteinsson frændi Síðu-Halls hafi búið á Kálfafelli. „Þaðan fóru þeir til Fellshverfis ok gistu at Kálfafelli. Þar bjó Kolr Þorsteinsson, frændi Halls, ok tók hann við trú ok hjú hans qll“ (ÍF XII, 258).

Túnakort 1918: Tún 10,3 teigar. Þýft 1/4. Garðar 1895 fernings stukur. „Afrétt á staðurinn á Staðardal fyrir innan Birná. Reka á jörðin fyrir sínu landi. Item rekaítak fyrir Steinalandi, kallað Vindásfjara. Skógarítak í Breiðabólstaðarlandi, annað í Laufatungum innri á Kálfafellsdal. Beit 10 uxum um sumar í Borgarhafnarheiði“ (JÁM XIII, 431). 8.10.1855: „Bærinn stendur framan undir Kálfafellsfjalli [...]. Jörðin er mjög kostalítill og að kalla beitolandslaus, túnin undirlögð stórskríðuáhlaupum og standa öll á skriðu með þunnri grasrót, og þegar ég kom hér fyrir 12 árum, sáust hér (að ég kalla) engin tún. Fengust þá einir 40 hestar töðu, en nú í hvörju meðalári 180-200. [...] Útengi er hér mikið og í meðallagi gott, en víða ógreitt.“ (SSS, 135).

SF-069:005_01 Ekra heimild um útihús

Á túnakorti frá 1918 eru útihús 005_01 og áfastur kálgarður 02 um 180 m norðaustan við bæ 001 og um 220 m NNV og ofan við bæinn Jaðar. Kálgarður 02 er byggður við suðurhlíð útihússins. Samkvæmt örnefnalagi Landmælinga Íslands kallast svæðið Ekra. Á þessu svæði eru í dag (2024) grunnur umfangsmikilla beitarhúsa og sléttað tún.

Heimildir: Túnakort 1918; Örnefnalag Landmælinga Íslands, 2024.

Hættumat: engin hætt.

Tímabundið hættumat: engin hætt.

SF-069:005_02 heimild um kálgarð A 651853 N 412619


Á túnakorti frá 1918 er kálgarður um 185 m norðaustan við bæ 001, byggður fast upp við suðurhlíð útihúss 005_01. Á þessu svæði er sléttað tún. Samkvæmt túnakorti var kálgarðurinn um 10x12 m að utanmáli og snéri gróflega norður-suður.

Heimildir: Túnakort 1918.

Hættumat: engin hætt.

Tímabundið hættumat: hætt vegna framkvæmda.

A 651839 N 412628



Mynd 19. Útihús í Ekru á túnakorti frá 1918. Húsin voru skráð eftir að vettvangsvinnu lauk og strengur 2a var endurskoðaður.

SF-070 Brunnar

1708/1709: Brunnar er ein af 6 hjáleigum Kálfafellsstaðar [SF-069] og er hún „[...] byggð úr heimalandi staðarins.“ (JÁM XIII, 431). 1847: 3 hndr., hjáleiga Kálfafellsstaðar (JJ, 5). „Brunnar munu vera sú hjáleiga Kálfafellsstaðar, sem oftast hefur verið í byggð, eða að minnsta kosti er þess ekki getið, að þeir hafi verið í eyði. Brunnar voru taldir vera 3 hndr. úr landi Kálfafellsstaðar.“ (BAS II, 208).

Túnakort 1918: Tún 1,5 teigar. Þýft 1/2. Garðar 770 fernings stikur. „Bærinn stóð uppi við fjallið í norðaustur frá Kálfafellsstað, og ná túnin saman á milli bæjanna. Bærinn stóð við brekkurótina, og náði blaut mýri nærri heim að dyrum. Túnið var allt á bak við bæinn til austurs og vesturs og nokkuð grýtt [...]. En það var grasgefið, gaf af sér 70-80 hesta í betri árum. Neðan við tók mýri, sem var útengið, kölluð Brunnamýri. [...]Brunnamýrin var ekki talin gott engi, blaut, þýft og fremur snöggland, [...].“ (BAS II, 208).

SF-070:007_01 tóft fjós

A 652100 N 413061

Tóft 01 er um 160 m NNA við bæ 001 og um 110 m SSV við núverandi íbúðarhús Brunnaveili 1. Tóftin er staðsett við klett sem merktur er sem Fjósaklettur á örnefnakorti Landmælinga Íslands sem bendir til þess að þarna hafi verið fjós. Tóft 02 er um 1 m norðvestan fjóss 01. Minjaheild 007 er í léttþýfðu grasivöxnu svæði fast vestan við malarveg sem liggur frá núverandi íbúðarhúsi til suðvesturs að fjárhúsi. Upp við norðausturhlið tóftanna er Fjósaklettur. Kletturinn er um 2 m á hæð, grasivaxinn að ofan og aflíðandi til norðurs.

Tóftin er ferhyrnd um 10x8 m að stærð og snýr í norðvestur-suðaustur. Veggir tóftarinnar eru torf- og grjóthlaðnir en ekki er hægt að greina umför vegna þess hversu gróin hún er auk þess að veggirnir eru farnir að síga töluvert. Að utan eru veggirnir um 0,5 m að hæð og nokkuð aflíðandi en að innan eru þeir hæstir um 1,40 m í norðvesturenda. Inngangur er um 4 m á breidd og er staðsettur á suðausturhlið tóftarinnar. Inn í tóftinni er fullt af bárujárni, timbri, vír, vélarhlutum og öðru rusli.

Heimildir: Örnefnalag Landmælinga Íslands, 2024.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Tímabundið hættumat: hætta vegna framkvæmda.

SF-070:007_02 tóft óþekkt

A 652095 N 413067

Tóft 007_02 er lítil og ferhyrnd, um 6x3 m að stærð og snýr í norðvestur-suðaustur. Veggir tóftarinnar eru torf og grjóthlaðnir en ekki er hægt að greina umför vegna þess hversu gróin hún er. Veggirnir eru um 0,5 m á hæð og hefur töluvert hrunið úr þeim. Inngangur er um 2 m á breidd og er staðsettur á suðausturhlið tóftarinnar. Inn í tóftinni er full af bárujárni, timbri og vír.

Heimildir: engar.

Hættumat: hætta vegna framkvæmda.

Tímabundið hættumat: hætta vegna framkvæmda.



Mynd 20. Tóftir 007_01 (vinstri, horft til ASA) og 007_02 (hægri, horft til norðausturs).

SF-076 Kálfafell (innra)

1709: 30 hndr. Bændaeign (JÁM XIII, 431). 1847: 30 hndr (JJ, 5). „Á Kálfafelli hefur verið margbýli, svo lengi sem menn vita til. 1703 var þar þríbýli. 1801 eru þar 4 búendur, 1816 3, 1840 5, 1850 6 og er það svo oftast til 1883, þá eru þar 5 ábúendur, en 1884 eru þeir komnir niður í 4. 1886 eru þar 3 búendur, 1887 eru þar aftur 4 búendur, og helzt sú tala til aldamóta. Á þessari öld voru lengstum 3 bændur á Kálfafelli. [...]. Býlin á Kálfafelli hétu Suðurhús, þar voru 2 búendur, Austurhús, þar voru einnig 2 búendur, og Miðhús og Upphús með sinn búandann hvort“ (BAS II, 214).

Túnakort 1918: Tún 10,3 teigar. Þýft 1/4. Garðar 1895 fernings stikur. „Reka á jörðin fyrir sínu landi. Item beit um mánuð á sumar öllum búsmala í Kálfafellsstaðarlandi. Beit um vetur 12 hrossum í Hestgerðislandi [SF-067]“ (JÁM XIII, 431-432). „Jörð þessi, 30 hndr að dýrleika, er mjög landþröng og kostalítill, tún nokkuð stór og grasgefin, en grjóthlaupin mjög sem hér, þar bærinn stendur undir sama fjalli. Engjar jarðarinnar, að mestu eignaðar Kálfafellsstað eftir máldögum og biskupa visitatium öllum, eru heldur litlar, en grasgefnar [...], (SSS, 135). „Kálfafellsland hið neðra er alveg mishæðalaust sléttlendi. Um aldamótin 1800 mun mest af þessu sléttlendi hafa verið gróið land, en úr því fara Steinavötn að taka af graslendið að vestan og síðan austur með heimalandinu, sem áður var mjög gott engjaland [...]. En nú eru þarna bara landbrotsbakkar með aurdögum á milli, og hefur svo verið um 130-140 ára skeið“ (BAS II, 214-215).

SF-076:006 heimild um útihús

A 650878 N 412352

Á túnakorti frá 1918 er útihús fast sunnan við heimreið 008 og um 140 m VSV við bæ 001. Á þessu svæði er sléttað tún og upphækkaður malarvegur sem liggur ANA-VSV sunnan og neðan við öll núverandi íbúðarhús að Kálfafelli. Ekkert sést til fornleifa.

Heimildir: Túnakort 1918.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Tímabundið hættumat: engin hætta vegna framkvæmda.

SF-076:007 heimild um útihús

A 650911 N 412352

Á túnakorti frá 1918 er útihús um 5 m sunnan við heimreið 008 og um 110 m VSV við bæ 001. Á þessu svæði er sléttað tún og upphækkaður malarvegur sem liggur ANA-VSV sunnan og neðan við öll núverandi íbúðarhús að Kálfafelli. Ekkert sést til fornleifa.

Heimildir: Túnakort 1918.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Tímabundið hættumat: engin hætta vegna framkvæmda.

SF-076:010 garðlag kálgarður

A 651065 N 412402

Á túnakorti frá 1918 er kálgarður um 15 m sunnan við bæ 001. Hægt er að sjá leifar af kálgarðinum í suðurjaðri bæjarhóls, um 18 m sunnan við gömlu bæjartóftir 001 og um 60 m ANA við gamla bæjarstaði Sólvangs 023_01. Á þessu svæði er grasigróið sléttað tún sem hallar örlítið til SSA. Kálgarðurinn hefur upprunalega verið um 55 m á lengd, um 20 m á breidd og snúið ANA-VSV.

Aðeins er hægt að sjá hleðsluleifar í suðaustur- og austurhluta garðsins og örlítinn vott af ytri brún suðurhliðar (<0,3 m). Garðlagið er grjót- og torfhlaðið, 1,5-2 m á breidd og 0,5-1 m á hæð.

Heimildir: Túnakort 1918.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Tímabundið hættumat: engin hætta.



Mynd 21. Kálgarðsleifar 010, horft til NNV.

SF-076:021_01 garðlag túngarður

A 650861 N 412307

Illa farinn túngarður er meðfram vestanverðu heimatúni Kálfafells, um 150 m VSV við bæjartóftir 001 og fast sunnan við heimreið 008. Á þessu svæði er sléttað tún sem hallar skarpt til suðurs. Malarvegurinn til norðurs heim að Kálfafelli er 10-20 m vestan við túngarðinn.

Túngarðurinn var að þessu sinni skráður á um 150 m löngum kafla efst í túni en garðlagið er líklega alls um 240 m á lengd meðfram vesturhlið heimatúns. Garðlagið er rýrt og niðurtroðið og skráð í sex bútum 5-30 m löngum. Garðlagið er illa torf- og grjóthlaðið, 1-2 m á breidd og 0,3-0,5 m á hæð. Líklegt er að girðing hafi verið áður á túngarðinum.

Heimildir: engar.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Tímabundið hættumat: stórhætta vegna framkvæmda.

SF-076:021_02 tóft útihús

A 650863 N 412333

Áföst túngarði 021_01 er ein illa farin útihústóft 021_02 um 80 m SSV við Litluhús og um 170 m VSV við gömlu bæjartóftir 001. Tóftin er ekki uppmæld á túnakorti Kálfafells frá 1918.

Tóftin er illa farin, um 12 m á lengd, um 7 m á breidd og liggur norður-suður. Vegggleðslur úr torfi og grjóti eru signar og fallnar saman og umför óljós. Hér gæti hafa verið tvískipt útihús en nyrðra hólfi I er minna og fullt af grjóti en útveggir eru 0,5-1 m á hæð. Líklega hefur verið gengið inn að sunnan um grjóthlaðinn inngang. Syðra hólfi II er stærra en mun óljósara og veggir aðeins 0,2-0,5 m á hæð. Nákvæmt hlutverk er óþekkt.

Heimildir: Túnakort 1918.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Tímabundið hættumat: stórhætta vegna framkvæmda.



Mynd 22. Útihústóft 021_02, horft til norðurs.

SF-076:022 gerði óþekkt

A 650861 N 412236

Hugsanlegt gerðisbrot er um 1 m vestan og utan við túngarð 021_01 og um 280 m suðvestan við bæjartóftir 001. Malarvegurinn til norðurs heim að Kálfafelli er þaðan um 20 m til vesturs. Á þessu svæði er sléttað tún sem hallar skarpt til suðurs.

Utan gamla heimatúns, um 1-10 m vestan við túngarðsbút 021b er um 25 m langt garðlag sem liggur NNA-SSV. Garðlagið er torfhlaðið, 1,5-2 m á breidd og <0,5 m á hæð. Það er sigið og í norðurenda þess er illa farið horn eða beygja til vesturs sem er um 5 m löng og endar snögglega vegna sléttunar. Fast vestan garðlagsins er mjög slétt grasigróin flöt. Hugsanlega hefur garðlagið verið austurhlið gerðis eða girðingarhóls sem nú hefur verið fjarlægð. Hlutverk og aldur eru óþekkt en líklega er hér um að ræða mannvirki frá seinni hluta 20. aldar.

Heimildir: engar.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Tímabundið hættumat: stórhætta vegna framkvæmda.



Mynd 23. Garðlag 021_01 og hugsanlegar leifar gerðis 022, horft til suðurs.

SF-076:023_01 Sólvangur þúst bústaður Í Byggðasögu A-Skaftafellssýslu II segir: „Á þessari öld voru lengstum 3 bændur á Kálfafelli. Vorið 1952 flutti einn bóndinn í burtu, og hefur sú jörð verið nýttuð frá Leiti [SF-072] að öllu leyti, en íbúðarhúsið keypti Bjarni Bjarnason, fyrrverandi vegagerðarverkstjóri, og býr í því með konu sinni Halldóru Gunnarsdóttur frá Vagnsstöðum“

Húsið kallaðist Sólvangur en hann er ekki merktur inn á túnakort árið 1918 og húsið er rífið eftir 1994. Sólvangur var um 35 m suðvestan við bæ 001 og um 130 m ASA við Litluhús. Stór steinsteypt útihús og malarvegur eru fast norðan við gamla bæjarstæðið. Ekkert sést til gamla íbúðarhússins. Á þessum stað er aðeins 0,5-1 m há malarhrúga í suðurjaðri malarvegur sem liggur suður fyrir steinsteyptu útihúsin.

Heimildir: BAS II, 214-216; Loftmyndir LMÍ 1989 og 1994.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Tímabundið hættumat: engin hætta vegna framkvæmda.



Mynd 24. Bæjarstæði Sólvangs 023, horft til VSV.

SF-076:023_02 garðlag

A 651000 N 412367

Leifar af trjágarði eru fast sunnan við þúst 023_01 þar sem íbúðarhúsið Sólvangur 01 stóð, um 25 m sunnan og neðan við stór steinsteypt útihús. Á ljósmynd af húsinu 023_01 í Byggðasögu Austur-

Skaftafellssýslu II er fallett hvítmálað grindverk umhverfis garðinn. Leifar garðsins eru í útjaðri bæjarhóls Kálfafells 001 til VSV, í sléttuðu grasigrónu túni sem hallar til SSA.

Leifar trjágarðsins eru um 15 m á lengd, um 13 m á breidd og snúa ANA-VSV. Líklegt er að garðurinn hafi náð lengra til norðurs og verið opinn á þeirri hlið. Garðlagið umhverfis upphlaðinn garðinn er U-laga og grasigróið, 0,5-1 m á hæð og 3-3,5 m á breidd. Ytri brún veggja er skýrari en sú innri en ekkert sést til grjóthleðsla. Eitt dautt tré er enn eftir innan garðsins en óljóst er hvort hér var aðeins skrautgarður eða hvort matjurtir voru þar einnig matjurtir ræktaðar. Aldur garðsins er óþekktur



Mynd 25. *Leifar garðs 023_02, horft til austurs.*

Heimildir: BAS II, 216.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar.

Tímabundið hættumat: engin hætta vegna framkvæmda.

4.1.3. Fellsbverfi, frá Steinavötnum í austri til Fellsár í vestri.

SF-074 Steinar (Sléttaleiti)

1708: 12 hndr., Kálfafellskirkjueign, árið 1697 tvö kúgildi, 1708 eitt kúgildi (JÁM XIII, 432). 1847: 12 hndr., Kálfafellskirkjueign (JJ, 5). 1523: Máldagi Þykkvabæjarklausturs, Steinar í Hornafirði. „Steinar. Vppsaler. Staffell. Midhus Uedalur. Havezstadir. Þennvnes.“ (DI IX, 190). 08.10.1855: „Sléttaleiti (fyrrum Steinar), stendur undir Steinafjalli, [...]. Jörð þessi, 12 hndr. að dýrleika, liggur undir Kálfafellsstað og frá Kálfafelli til vestur útsuðurs, góða bæjarleið. [...] Bærinn Sléttaleiti [SF-074:004] var fluttur nokkuð lengra vestur með fjallinu hér um fyrir 20 árum [líklega 1836] frá Steinum vegna vatnsærsla úr Köldukvísl á Steinasandi, er næst lá bænum, sem og vegna stórhlaupa úr fjallinu fyrir ofan. Tún eru þar lítil og stórum skemmd af grjóthlaupum, á hvör og bætist árlega. Neðan undir túninu er mýrlendi lítið grasgefið en grjóttugt af grjóti því, sem veltur ofan úr fjallinu yfir túnið og staðnæmist þar. Jörð þessi er því mjög túna- og engjalítil, en landrík, fjallhagagóð með sauðkvisti og smáskógi, einnig grasatekju á Steinadal [sjá einnig bls. 139] og hrossabeit um vetur á Steinaeyjum, hvar og ábúendur fá á stundum nokkurn heyskap“ (SSS, 135-136, 139). „1. Vindás [SF-074:009], byggður úr Steina- (Sléttaleitis-)landi; sést hvörki til túns né engja eður tófta, en hefur líklega staðið neðan undir Steinadal, hvörja til sönnunar er ás sá þar uppí dalnum, sem enn er nefndur Vindás. Er á hönum lítilfjörlegur skógur, sem tilheyrir kirkjunni hér, og fjara þar fram undan, kölluð Vindásfjara, tilheyrir líka Kálfafellsstaðakirkju, en hagar þessarar eyðijarðar hafa lagst til Steinalands. Jörð þessa hafa eyðilagt vatnshlaup úr Köldukvísl, sem rennur fram úr Steinadal (SSS, 139-140). Vindás ekki nefndur sem hjáleiga í Jarðabók Ísleifs Einarssonar frá 1708-1709 en Breiðabólstaður átti rekaítak í Vindásfjöru og skógarítak í Vindásbotnum (JÁM XIII, 432). „Inn á miðjum Steinadal gengur hraunás frá fjallinu að vestan, austur á aurana móts við Staðarfjall að framan. Hann heitir Vindás. Þar er sögn um að bær hafi áður verið samnefndur ásnum, og er sagt, að þar hafi kirkjan verið. Um Vindásfjöru er áður talað. Fyrir framan Vindás er torfa stór skógi vaxin og heitir Seltorfa. Þar var sel frá Steinum. Þar á torfunni sér móta fyrir tóft af húskofa, er hann sýnilega byggður á smáhólaþyrpingu, sem vel gætu verið eldri húsarústir. Allt er þetta vaxið skógi og mjög ógreinilegt. Vel er hugsanlegt, að einmitt þarna hafi hinn forni bær Vindás verið.“ (BAS II, 241).

Túnakort 1918: Túnstærð 2 teigar, sáðgarðar 570 fernings stikur. 1:2.000, teiknari Halldór Eyjólfsen, Hólmi. 1708: „Kvaðir: skipsáróður, hestlán og dagsláttur.“ (JÁM XIII; 432). „[Steinaós] dregur nafn af jörðunni Steinum, fyrir hvörrar landi hann mest liggur,“ (SSS, 131). Í Byggðasögu Austur-Skaftafellssýslu II segir: „Steinar munu snemma hafa verið byggt ból og voru eign kirkjunnar á Kálfafellsstað og síðan Sléttaleiti fram undir 1920, en þá keypti ábúandi jörðina. Í fornbréfasafni frá 1523, þar sem upp eru taldar eignir Þykkvabæjarklausturs, er jörðin Steinar í Fellsbverfi talin meðal eigna klaustursins. Til eru heimildir fyrir því, hvernig Kálfafellskirkja eignaðist jörðina: Um 1600 bjó í Steinum uppgjafarprestur, Gissur Eyjólfsen. Hann átti í málaferlum við Ketil prest Ólafsson á Kálfafellsstað. Þá gerðist það, að Steinar eru dæmdir í sakeyri til Kálfafellsstaðarkirkju, og urðu þeir eign kirkjunnar upp frá því. Þegar þjóðvegurinn er farinn vestur yfir Steinasand, blasir við stórgrýtisurð austan undir suðurhorni Steinafjalls, þar sem þjóðvegurinn liggur að fjallinu. Neðan undir urðinni eru rústir af byggingum. Þar var býlið Steinar. Þar tók af byggð 1829. Höfðu þá Steinavötn, eða réttara sagt Kaldakvísl, brotið sér farveg vestur með Klífatanga og alla leið heim undir bæinn í Steinum og tekið af túnið allt og graslendi hið neðra. Samtímis kom mikið grjóthrun úr fjallinu, og segir sagan, að bjarg eitt mikið hafi fallið yfir smiðjuna, sem stóð sér fjarri öðrum bæjarhúsum, og gróf hana gersamlega undir sig. Átti þar að

hafa verið geymt meðal annars mikið af hákarli og hangikjöti. Þetta gerðist í byrjun júlí í stórrigningu. [...] Ingimundur [Þorsteinsson frá Felli] byggði aftur bæ sinn vestar undir fjallinu og kallaði Sléttaleiti. Sá bær var í byggð til 1952.“ (BAS II; 239-240). „Steinar áttu reka fyrir sínu landi, kallað Steinafjara og síðar Sléttaleitisfjara. Þá fór orð af, að silungsveiði hafi verið þar góð í lóninu og í Steinalæk, sem spratt upp í urðinni fyrir ofan bæinn og rann fram fast við eldhúsvegg, og var sagt að silungur hafi verið tekinn þar í pottinn, þegar sjóða skyldi. Steinadalur er allur skógi vaxinn neðra og allgrösugur hið efra, ágætt beitiland. Þá var góð grasatekja í Hvannadal.“ (BAS II, 241).

SF-074:008 tóft beitarhús

A 647216 N 407420

Stök tóft er um 180 m suður af Sléttaleiti 004, um 90 m neðan (suðaustan) við þjóðveg 1. Tóftin er í grasi vaxinni brekku í halla til suðausturs. Svæðið er tiltölulega slétt, en mýrlent. Bakkar Lónsins eru um 50 m suðaustar. Svæðið er beitt.

Tóftin er um 5,5 x 3 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur með op til norðvesturs. Hæð veggja er um 30 cm og breidd um 50-100 cm. Tóftin er grasi gróin og líklega torfhlaðin en stakur steinn er við norðurhorn. Hún var snöggbitin þegar staðurinn var heimsóttur og er rof að innanverðu á suðausturhlið. Spýtnabrak er inni í tóftinni við suðausturenda. Hlutverk tóftarinnar er ekki þekkt en mögulega er um beitarhús að ræða.

Heimildir: engar.

Hættumat: engin hætta.

Tímabundið hættumat: hætta vegna framkvæmda.



Mynd 26. Beitarhús 008 var líklega nýtt frá Sléttaleiti, horft til austurs.

SF-074:009 tóft rétt

A 647794 N 409260

Stór tóft er um 880 m beint norður af rústum Steinabæjar 001 og um 40 m vestan við malarveg að sumarhúsum á Klifatanga. Á þessum stað er nokkuð flatlendur grasi- og mosagróinn mói með rofabörðum hér og þar. Um 30 m til suðurs er lágt grjótholt eða strýta sem kallast Gleypa, sem liggur norður-suður meðfram malarveginum.

Tóftin er einföld, um 22 m á lengd, um 15 m á breidd (um 18x9 að innan) og snýr norður-suður. Óljóst er hvar gengið hefur verið inn. Veggir eru grasigrónir og signir, um 1,5 m á breidd og <1 m á hæð. Hleðslur eru signar svo ekki er ljóst hvort veggir voru hlaðnir úr torfi og/eða grjóti. Hluti tóftar hefur hugsanlega orðið fyrir rofi, en gróið upp aftur. Hugsanlegt er að hér hafi verið rétt eða einhverskonar aðhald.

Heimildir: Loftmyndasafn LMÍ, 2024.

Hættumat: hætta vegna landrofs.

Tímabundið hættumat: stórhætta vegna framkvæmda.



Mynd 27. Rétt 009 í landi Steina. Réttin var ekki skráð á vettvangi þar sem hún var utan ábrifasvæðis en við endurskoðun fyrirbugðar legu jarðstrengsins ~~hinn~~ lenti hún innan belgunarsvæðis réttarinnar.

SF-075 Gerði

1847: „Þessarar jarðar geta jarðabækurnar eigi, en þar á móti bæði sýslumaður og prestur, og telur sýslumaður hana 7 1/2 h[ndr]. að dýrleika“ (JJ, 5). 08.10.1855: „Eru það þrjú aðgreind býli á sömu landareign, sem heita Breiðabólstaður, Gerði og Hali“ (SSS, 136). „Árið 1703 var byggð á Gerði og síðan, en um búendur þarna er ekki kunnugt fyrr en 1801“ (BAS II, 237).

Á túnakorti Breiðabólstaðar lengst til austurs ásamt Hala nyrst. 08.10.1855: „Jörð þessi liggur þar suður með sama fjalli, til vesturs frá Sléttaleiti, stutta bæjarleið, og liggja lönd nefndra jarða saman,, Þær jarðir eru Breiðabólstaður, Gerði og Hali. „Tún eru þar stór, slétt og grasgefin [...]. Engjar hafa þeir og þar neðan undir nokkuð nær Sléttaleiti, litlar, en oftar góðar, kallaðar Breiðabólstaðarteigar“ (SSS, 136).

SF-075:012 þúst útihús

A 645467 N 406235

Á túnakorti frá 1918 er útihús um 80 m suðvestan við Gerði SF-075:001. Óljós þúst er í túni um 110 m suðvestan við Gerði og um 265 m norðaustan við Breiðabólstað 001. Á þessu svæði er flatlent, sléttað tún. Þústin er um 13 m á lengd um 13 m á breidd og snýr norðvestur-suðaustur. Hægt er að greina innanmál sem er flatlent og um 7x6 m að stærð en hvar gengið hefur verið inn er óljóst. Nákvæmt hlutverk er óþekkt.

Heimildir: Túnakort 1918.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Tímabundið hættumat: engin hætta vegna framkvæmda.



Mynd 28. Þústir 012 (vinstri, borft til VSV) og 013 (hægri, borft til norðurs) í heimatúni Gerðis.

SF-075:013 þúst útihús

A 645429 N 406232

Á túnakorti frá 1918 er útihús um 128 m suðvestan við Gerði SF-075:001. Skýr þúst er á svipuðum stað um 145 m suðvestan við Gerði og um 20 m vestan við þúst 012. Á þessu svæði er flatlent, sléttað tún. Þústin er um 20 m á lengd, um 12 m á breidd og snýr norðvestur-suðaustur. Innanmál er óljóst (um 5x3 m) en hugsanlega hefur tóftin verið einföld og gengið inn að suðaustan. Þústin er skýrari í norðurenda en útflattir veggir eru 0,2-0,4 m á hæð og 3-6 m á breidd. Nákvæmt hlutverk er óþekkt.

Heimildir: Túnakort 1918.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Tímabundið hættumat: stórhætta vegna framkvæmda.

SF-077 Breiðabólstaður

1708/1709: 30 hndr. Bændaeign. Talið er að hálfkirkja hafi staðið hér til forna (JÁM XIII, 432).

1847: 30 hndr. „Sýslumaður telur Breiðabólstað aðeins 15 [hndr.], en Hala, sem aðeins hann og prestur geta, 7 1/2 h[ndr.]. að dýrleika“ (JJ, 5, neðanmálgrein 8). 8.10.1855: „[...] svo Breiðabólstaður 30 hndr. að dýrleika. Eru það þrjú aðgreind býli á sömu landareign, sem heita Breiðabólstaður, Gerði [SF-075] og Hali [SF-078]“ (SSS, 136). „Árið 1709 var tvíbýli á Breiðabólstað, en síðan ekki nema einn ábúandi, þar til 1857, að þar hefst aftur tvíbýli, er hélzt stöðugt til 1890, og var annað býlið vestast á gamla bæjarstæðinu kallað Suðurhús [SF-077:001_02]“ (BAS II, 232). Breiðabólstaður er landnámsjörð Hrollaugar Rögnvaldssonar. „Síðan fór hann austr í Hornafjörð ok nam land austan frá Horni til Kvíár ok bjó fyrst undir Skarðsbrekku í Hornafirði, en síðan á Breiðabólstað í Fellshverfi“ (ÍF I, 316-317). Úlfur hinn vörski keypti síðar land af Hrollaugi og bjó að Breiðabólstað. „Síðan færði Úlfr bú sitt í Papbýli ok bjó á Breiðabólstað, ok er þar haugr hans ok svá Þorgeirshaugr“ (ÍF I, 318).

Í málþaga Kálfafells frá 1343 segir: „[til Kálfafells]liggr ... Hálfkirkia a Breidabolstad. Takast ... Hundrat af [Breiðabólstaðarkirkju],, (DI II, 771) „Kirkia a Breidabolstad j fellzhuerfi a ij kugilldi, ij alltaris klædi. Tiolld vond innan sig. Eina kluckv. Sacrarivm. Mvnlaug. Kross smelltan. Marivlikneski. Þar a ad syngia annann hvern dag helgan oc greida c presti. Jtem eirn hestur,, (DI II, 772). 1367: „[til Kálfafells] liggur ... Hálfkirkia a breidabolstad ... Takast hundrad af [Breiðabólstaðarkirkju],, (DI III, 243 244). 1397: „aa ij kugilldi. Þar a ad syngia annan hvern dag helgann oc greida c presti“ (DI IV, 200) „[til Kálfafells] liggur ... Hálfkirkia a Breidabolstad. Tekst ... C af [Breiðabólstaðarkirkju]” (DI IV, 200 201). 1523: „Blasius kirkia a breidabolstad a vij kugilldi oc hest oc alfær messuklædi.“ (DI IX, 188). 1855: „Bænhús er sagt verið hafi á fyrri tímum á Breiðabólstað og annað á Borgarhöfn, en hvað langt er síðan, vita menn ekki eður neitt meira um það“ (SSS, 141).

Túnakort 1918: Tún 11,9 teigar. Þýft 5/7. Garðar 2.400 fernings stikur. 3 ábúendur. „Afrétt á jörðin í Breiðabólstaðarfjalli. Item skóg og grastekju á Hvanndal í Breiðabólstaðarfjalli. Reka á jörðin fyrir nokkrum parti landsins. Selstöðu á jörðin í Breiðabólstaðarfjalli. Rekaítak á jörðin á hálfri Vindásföru í mót Kálfafellsstað. Skóarítak í Vindásbotnum í Steinalandi. Beit xviii nautum um sumar á Borgarhafnarheiði. Beit xviii hrossum í Sævarhólslandi. Hálfsmánaðar beit öllum búsmala í bæði mál í Hólalandi“ (JÁM XIII, 432).

8.10.1855: „Jörð þessi liggur þar suður með sama fjalli, til vesturs frá Sléttaleiti, stutta bæjarleið, og liggja lönd nefndra jarða saman,, Þær jarðir eru Breiðabólstaður, Gerði og Hali. „Tún eru þar stór, slétt og grasgefin [...]. Engjar hafa þeir og þar neðan undir nokkuð nær Sléttaleiti, litlar, en oftar góðar, kallaðar Breiðabólstaðarteigar“ Breiðabólstaður á þar að auki afrétt sem kallast Breiðabólstaðar- eða Staðarfjall sem notaður er fyrir fjárbeit allan ársins hring enda er þar gott skjól fyrir veðri og vindum (SSS, 136).



Mynd 29. Þúst 018 í beimatúni, horft til VNV.

SF-077:018 Þúst útihús

A 645287 N 406168

Á túnakorti frá 1918 er útihús um 100 m norðvestan við Breiðabólstað 001. Skýr þúst er í túni um 110 m NNV við Breiðabólstað 001 og um 190 sunnan við Hala SF-078:001. Á þessu svæði er sléttað tún. Þústin er kassalaga, um 14 m á lengd, um 12 m á breidd, 0,2-0,5 m á hæð og snýr ANA-VSV. Ekki er hægt að greina innanmál og nákvæmt hlutverk er óþekkt.

Heimildir: Túnakort 1918.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Tímabundið hættumat: hætta vegna framkvæmda.

SF-077:057 *Messugötur* dæld leið

A 645372 N 406215

„Í Glompu tóku við Messugötur, sem lágu á ská niður túnið á Breiðabólstað [001]. Voru þær götur aðeins fyrir Breiðabólstaðarmenn” segir í örnefnaskrá. Þessar götur eru uppmældar á Herforingjaráðskorti Dana frá byrjun 20. aldar og Sigríður G. Björgvinsdóttir mælir upp göturnar árið 2020 (verkefnanúmer MÍ 2093). Göturnar lágu úr NNA heim að Breiðabólstað 001 um 200 m vestan við Gerði SF-075:001 og um 100 m austan við Hala SF-078:001. Á þessu svæði er sléttað tún.

Hægt er að greina mjög óljósa >30 m langa, <0,5 m breiða og <0,3 m djúpa dæld sem liggur NNA-SSV í túninu milli Gerðis og Hala sem gæti verið leifar af gömlu heimreiðinni en það er mjög óljóst.



Mynd 30. Staðsetning Messugatna 057 heim að Breiðabólstað, horft til norðurs.

Heimildir: Ö-Breiðabólstaður, 6; Herforingjaráðskort 97 NV; Sigríður G. Björgvinsdóttir, 2020.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Tímabundið hættumat: stórhætta vegna framkvæmda.

SF-078 Hali

1847: „Sýslumaður telur Breiðabólstað aðeins 15 [hndr], en Hala, sem aðeins hann og prestur geta, 7 ½ h[ndr]. að dýrleika“ (JJ, 5) 8.10.1855: „Eru það þrjú aðgreind býli á sömu landareign, sem heita Breiðabólstaður [SF-077:001], Gerði [SF-075:001] og Hali“ (SSS, 136). „Á Hala hefur verið samfelld byggð síðan um 1800 og líklega lengur, en 1703 er ekki búið á Hala. Vitað er, að tvíbýli er á Hala fyrir 1800 um skamman tíma, þá var þar auk Halans lítið húsmannsbýli, sem hét Litli-Hali [SF-078:009]. Það stóð í suðvestur frá Hala.“ (BAS II, 234).

Sjá Túnakort Breiðabólstaðar SF-077, bærinn er norðan Breiðabólstaðar og norðvestan Gerðis SF-075. 8.10.1855: „Jörð þessi liggur þar suður með sama fjalli, til vesturs frá Sléttaleiti, stutta bæjarleið, og liggja lönd nefndra jarða saman,, Þær jarðir eru Breiðabólstaður, Gerði og Hali. „Tún eru þar stór, slétt og grasgefin [...]. Engjar hafa þeir og þar neðan undir nokkuð nær Sléttaleiti, litlar, en oftar góðar, kallaðar Breiðabólstaðarteigar“ (SSS, 136).

SF-078:010 heimild um útihús

A 645202 N 406313

Á túnakorti frá 1918 er útihús um 100 m suðvestan við Hala SF-078:001 og um 350 m vestan við Gerði SF-075:001. Á þessu svæði er græn grasflöt, malarvegur og plön. Líklega sést ekkert til fornleifa á yfirborði en þessi minjastaður var skráður af loftmynd út frá túnakorti Hala eftir að skráningu á vettvangi lauk.

Heimildir: Túnakort 1918.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Tímabundið hættumat: stórhætta vegna framkvæmda.

SF-079 Reynivellir

1709: 30 hndr. Bændaeign. Hér hefur að fornu verið hálfkirkja (JÁM XIII, 432). 1847: 30 hndr. „Sýslumaður einn skiptir jörðu þessari, og kallar Reynivelli og Efri Reynivelli, sem hann segir eigandinn búi á, en prestur segir 2 býli á Reynivöllum“ (JJ, 5, neðanmálsgrein 9). „Reynivellir hafa alltaf verið bændaeign, og var þar nærri alltaf þríbýli fram til 1868, en eftir það tvíbýli. Meðan þar var þríbýli, hétu býlin svo: Efribær, Neðribær og Miðbær“ (BAS II, 250). „Um 1870 lagðist niður byggð á vestasta bænum á Reynivöllum, sem alltaf var kallaður Neðribær, og var þá Miðbærinn eftir það kallaður Neðribær“ (BAS II, 253).

Í málþaga Kálfafells frá 1343 segir: „[til Kálfafells] liggur ... Hálfkirkia ... A reynivelli takast ... Hundrat af [Reynivallakirkju]“ (DI II, 771). 1367: Í Hítardalsbók kemur fram um kirkjuna „clxxxii. Kirkia a Reyneville. Les vilchinsbok“ (DI III, 234). Í málþaga Kálfafells frá 1367 segir: „[til Kálfafells] liggur ... Hálfkirkia a ... Reynivelle oc .. Takazt ...hundrad af [Reynivallakirkju]“ (DI III, 243-244). Í málþaga kirkjunnar frá 1397 segir: „þar skal lvka presti c. Og syngia annann hvern dag helgann,, (DI IV, 235) Sama ár segir í málþaga Kálfafells: „[til Kálfafells] liggur ... Hálfkirkia ... Aa Reynivelli. Tekst ... C af [Reynivallakirkju]“ (DI IV, 200-201). [1523]: „Mariu kirkia a reynevollum a xc j heimalandi. Oc iiij kugilidi oc hokul oc hest“ (DI IX, 188). 1598: hálfkirkja (AM 263, fol. Bl. 93, 96).

Túnakort 1918: Tún 8,8 teigar. Þýft 1/2. Garðar 1.980 fernings stíkur.

„Reka á jörðin fyrir sínu landi, sem heitir Reynivallafjara. Item rekaítak fyrir Breiðabólstaðarlandi. Engjaítak í Breiðabólstaðarlandi, kallað Reynivallateigur. Skógarítak í Breiðabólstaðarfjalli, kallað Koltungur innri. Annað í sama fjalli, kallað Fagriskógur. Skógarítak í Steinalandi, kallað Barnaskógur. Item annað skógarítak í sama landi kallað Reynivallakinn“ (JÁM XIII, 432).

8.10.1855: „[...] svo Reynivellir; ennú [svo] undir sama fjalli, og liggja löndin saman, 30 hndr. að dýrleika, örstutta leið frá Breiðabólstað til vesturs útnorðurs. Stendur þessi bær rétt undir fjallinu, þar sem það beygist inn á við. Tún eru hér stór og meðallagi grasgefin, en skriðuhlaupin líkt og á Sléttaleiti. Mýrlendi er þar nokkuð niður undan, allt niður að Steinaós, sem bæði er brúkað til slæгна og hagabeitar“ (SSS, 136-137). „Sléttlendið hið neðra, sem er allvíðáttumikið, var þá ágætt engjaland, framhald til austurs af Fellsengjum, sem þóttu þær beztu á sínum blómatímum. En þegar jökullinn og árnar á austanverðum Breiðamerkursandi fóru að teygja arma sína austur á Fellssvæður og taka þær af, voru Reynivallasvæðum sömu örlög búin.“ (BAS II, 244-245).

SF-079:001_01 *Reynivellir* bæjarhóll bústaður

A 642944 N 406643

Á túnakorti frá 1918 er Neðribær yngri 001 merktur fyrir miðju túni. Kálgarður 02 er fast sunnan bæjar 01. "Um 1870 lagðist niður byggð á neðsta bænum á Reynivöllum, sem alltaf var kallaður Neðribær, og var þá Miðbærinn eftir það kallaður Neðribær," segir í Byggðasögu Austur-Skaftafellssýslu. Í Byggðasögunni segir einnig að byggt hafi verið stórt timburhús að Neðribæ á Reynivöllum upp úr aldamótunum 1900 "... sem mun þá hafa verið stærsta timburhús í sveit í þessari sýslu." Neðribærinn er um 40 m suðvestan við Reynivelli 3. Sléttur grasflötur í um 0,2 m upphækkun sem hallar til suðvesturs. Fast norðaustan við grasfötinn er malarheimreið að Reynivöllum 3 og við henni tekur



Mynd 31. Staðsetning Miðbæjar á Reynivöllum, borft til norðausturs.

malarplan. Á malarplaninu eru þó nokkrar byggingar. Það er verkstæði, gistihús og bústaður auk íbúðarhússins Reynivalla 3. Þar að auki er malarplanið nýtt sem bílaplan og undir fjóra kofa. Til suðurs er slétt grasivaxið tún.

Ekki sjást nein ummerki um yngri Neðribæinn þar sem allt svæðið hefur verið sléttað. Minjar gætu þó enn verið til staðar í jörðu undir malarplaninu. Grasflöturinn og malarplanið eru í upphækkun sem gæti hafa myndast við það þegar bæjarhóllinn var sléttaður.

Heimildir: Túnakort 1918; BAS II, 252-253.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Tímabundið hættumat: hætta vegna framkvæmda.

SF-079:001_02 heimild um kálgarð

A 642943 N 406627

Sléttur grasflötur í um 0.3 m upphækkun sem hallar til suðvesturs. Fast norðaustan við grasflötinn er malarheimreið að Reynivöllum 3 og við henni tekur malarplan. Á malarplaninu eru þó nokkrar byggingar. Það er verkstæði, gistihús og bústaður auk íbúðarhúss að Reynivöllum 3. Þar að auki er malarplanið nýtt sem bílaplan og undir fjóra kofa. Til suðurs er slétt grasivaxið tún og til norðausturs er grasivaxinn mói. Til suðurs eru slétt tún. Ekki sjást nein merki um kálgarð en minjar gætu enn verið til staðar undir sverði.

Heimildir: Túnakort 1918.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Tímabundið hættumat: stórhætta vegna framkvæmda.

SF-079:005 heimild um útihús

A 643083 N 406562

Á túnakorti frá 1918 er útihús um 140 m suðaustan við Neðribæ 001. Útihúsið er um 200 m suðaustan við Reynivelli 3. Útihúsið hefur verið þar sem nú er malarheimreið og léttþýfður grasigróinn mói fast norðvestan heimreiðarinnar. Lengra til norðvesturs er girðing sem er meðfram allri heimreiðinni. Sunnan við heimreiðina er slétt grasivaxið tún. Ekki sjást nein merki um útihús en minjar gætu enn verið til staðar undir sverði.

Heimildir: Túnakort 1918.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Tímabundið hættumat: hætta vegna framkvæmda.



Mynd 32. Útihús 005 eru borfin af yfirborði, borft til N

SF-079:006 heimild um útihús

A 642999 N 406611

Á túnakorti frá 1918 er útihús um 42 m ASA við bæ 001. Útihúsið er um 105 m suðaustan við Reynivelli 3. Útihúsið hefur verið þar sem nú er malarheimreið og malarplan suðvestan við verkstæði. Á malarplaninu eru þó nokkrar byggingar. Það er verkstæði, gistihús og bústaður auk íbúðarhússins Reynivalla 3. Þar að auki er malarplanið nýtt sem bílaplan og undir fjóra kofa. Til suðurs er slétt grasivaxið tún og til norðausturs er grasivaxinn mói. Ekki sjást nein merki um útihús en minjar gætu enn verið til staðar undir malarplaninu.

Heimildir: Túnakort 1918.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Tímabundið hættumat: hætta vegna framkvæmda.

SF-079:012 heimild um traðir

A 642967 N 406610

Á túnakorti frá 1918 er vegur sem liggur úr suðaustri til norðvesturs að kálgarði 001_2 heima við bæ 001_01. Vegurinn er um 170 m á lengd og er um 80 m suðvestan við Reynivelli 3. Vegurinn hefur legið meðfram núverandi heimreið, suðvestan við, og síðan sameinast henni. Til suðurs er slétt grasivaxið tún og norðurs er grasigróinn mói. Norðvestur endi vegar fer inn á malarlagt bílaplan. Ekki sjást nein merki um gamla veginn.

Heimildir: Túnakort 1918.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Tímabundið hættumat: stórhætta vegna framkvæmda.

SF-079:018 *Stöðull* örnefni kvíar

A 643143 N 406480

„Svo heitir Krókur, hornið efst og austast í túninu. Þá er Kálfsflötur, þá Stöðull eða Stöðlatún” segir í örnefnaskrá Reynivalla. Örnefnaskráning Landmælinga Íslands sýnir að Stöðull var í túni um 260 m suðaustan við bæ 001 og um 30 m sunnan við heimreiðina heim að Reynivöllum. Á þessu svæði er sléttuð tún. Ekkert sést til fornleifa á yfirborði og ekki er vitað hvort áður voru til staðar sérstök mannvirki á Stöðli.

Heimildir: Ö-Reynivellir, 1; Örnefnalag Landmælinga Íslands, 2024.

Hættumat: engin hætta.

Tímabundið hættumat: stórhætta vegna framkvæmda.

SF-631 Fornleifar á fleiri en einni jörð, Borgarhafnarhreppur

SF-631:001 gata leið

A 658104 N 414688

„Milli Uppsala og Hestgerðis er löng og hrjóstrug bjarleið, og sést hvörugur frá öðrum. Því er ei auðvelt að segja, í hvöra átt það liggi frá Uppsölum. Þó vil ég geta til hér um nónstað. Síðan liggur vegurinn inn með fjallinu að Borgarhöfn. Telst það stutt bjarleið og torfærulaus.” segir í Sýslu- og sóknarlýsingum Skaftafellssýslu. Gamla þjóðleiðin SF-631:001 um Borgarhafnarhrepp er merkt á Herforingjaráðskorti Dana frá byrjun 20. aldar. Lá hún frá hreppamörkum í austri yfir ána Kolgrímu til suðvesturs meðfram ströndinni framhjá Uppsölum SF-066 og Smyrlabjörgum SF-065 og suður fyrir Heggsgerðishnúk norðan Heggsgerðis (Hestgerðis). Frá Heggsgerði lá leiðin til norðvesturs í gegnum Borgarhöfn og beygði þar til vesturs yfir að Miðþorpi undir Kálfafelli. Leiðin lá þar í gegnum bjarhladið að Brunnum SF-070, Kálfafellsstað SF-069 og Kálfafelli SF-076. Frá Kálfafelli lá leiðin áfram til suðvesturs yfir Steinavötn, suðaustan með Steinafjalli og norður fyrir Breiðabólstaðartorfu. Þaðan lá svo leiðin áfram til suðvesturs yfir að heimreiðinni að Reynivöllum SF-079:012. Frá Reynivöllum lá leiðin áfram til suðvesturs yfir Fellsá, suðaustan með Breiðamerkurjökli og út úr hreppnum við Breiða á Breiðamerkursandi.

Að þessu sinni (2024) var gamla þjóðleiðin skráð á stuttum köflum á fjórum stöðum; 1) í Stórahvammi á merkjum milli Smyrlabjarga og Heggsgerðis (SK-631:001a-b) um 1,4 km suðvestan við Uppsali SF066; 2) í landi Kálfafells SF-076, um 430 m austan við bæ (001c) og um 280 m VSV við bæ (001d); 3) í landi Steina SF-074 um 1,7 km suðvestan við bæ (001e); og 4) í landi Reynivalla SF-079 um 630 m (001f) og 310 m (001g) ASA við bæ.

1) Í norðanverðum Stórahvammi má rekja örfáar, samsíða götur til suðvesturs í mýrinni vestan og ofan núverandi þjóðvegur í átt að Tröllaskörðum. Göturnar eru grunnar og mjóar og gætu verið nýlegar kindagötur. Samkvæmt Herforingjaráðskorti lágu göturnar í boga fast meðfram fjallsrótum, ekki í mýrinni, en ekki eru skýr ummerki um göturnar þar í dag (2024). Fyrir miðjum hvamminum kvíslast gamli malarvegurinn frá hinum nýja. Ennþá má sjá leifar af gamla veginum vestan og ofan núverandi þjóðvegur að og yfir Tröllaskörðin og er hann 4-5 m á breidd. Engar hleðslur eru greinanlegar í brúnum en vegurinn er upphækkaður á köflum. Eitt stórt skarð hefur myndast í gegnum gamla veginn vegna vatnsaga um 215 m norðan við Tröllaskörð.

2) Á merkjum milli bæjanna Kálfafells innra og Leitis voru tekin tvö hnit (001c og d) í gamla malarveginum sem liggur á milli bæjanna undir Kálfafelli. Vegurinn liggur til vesturs í gegnum hlaðið heima við bæina á Kálfafelli og beygir svo vestan þeirra niður brekkuna til suðurs niður á láglendi í fjallsrótum, þar sem hann beygði áður til suðvesturs yfir Steinasand. Líklegt er að gamla leiðin hafi verið á sama stað í byrjun 20. aldar. Ekkert sést til eldri vegstæða á svæðinu.

3) Greina má leifar af gömlum vegslóða og götum vestan Steinavatna um 30 m sunnan við núverandi þjóðveg 1 og fast vestan við sléttadar áreyrar vatnanna. Rask er á svæðinu vegna varnagarðagerðar. Leifar gamla vegslóðans eru um 9 m á breidd og liggja norðaustur-suðvestur en ekki er ljóst hvort þetta eru leifar gömlu leiðarinnar frá byrjun 20. aldar.

4) Sunnan þjóðvegur með rótum Leitis í landi Reynivalla má greina óljósar, samsíða götur og einfaldan vegslóða í sléttu graslendinu þar sem gamli þjóðvegurinn lá. Greina má göturnar á um 260 m löngum og um 10 m breiðum kafla sem liggur ANA-VSV samsíða núverandi þjóðvegi. Minjarnar hverfa undir núverandi þjóðveg um 110 m austan við gatnamótin heim að Reynivöllum. Hugsanlega hafa göturnar tengst heimreiðinni að Reynivöllum sunnan núverandi heimreiðar. Búið er að slétta það svæði í tún. Hugsanlega er hægt að greina þar grunnar dældir í túni um 73 m norðvestan við gatnamótin að Reynivöllum, en þær eru mjög óljósar.

Heimildir: SSS, 134-135; Herforingjaráðskort 97 NV & NA.

Hættumat: hætta vegna vegagerðar.

Tímabundið hættumat: stórhætta vegna framkvæmda.



Mynd 33. Gamla þjóðleiðin SF-631:001a-b á merkjum Heggsgærðis og Uppsala (vinstri, horft til suðurs) og uppmæling á henni (hægri).



Mynd 34. Gamla þjóðleiðin SF-631:001c í heimatúni Kálfafells (vinstri, horft til ASA) og í landi Reynivalla 001f (vinstri, horft til austurs).

SF-631:002 vegur leið

A 659013 N 416000

Gata er merkt á herforingjaráðskort frá árinu 1905. Hún liggur frá leið 001 um 330 m suðvestur af bæ Uppsala SF-066 til norðausturs í gegnum heimatún bæjarins og að Smyrlabjörgum SF-065. Á túnakorti Uppsala frá 1918 er vegur teiknaður í gegnum túnið frá suðvestri til norðausturs og liggur hann fast sunnan við bæ SF-066:001. Leiðin sést í landi Uppsala, bæði suðvestan og norðaustan bæjar. Suðvestan Uppsalabæjar er þýft graslendi í aflíðandi halla til suðausturs en sléttað tún nær. Malarplan er fast suðvestan við bæjarhólinn þar sem leiðin lá áður. Núverandi heimreið liggur að bænum úr suðaustri. Norðaustan bæjar eru aflöng klettaholt sem liggja NNA-SSV. Leiðin sést fyrst skýrt um 160 m suðvestur af bæ SF-066:001 og er þar greinilegur upphlaðinn vegur á um 64 m kafla. Vegurinn er um 20-40 cm á hæð og 3 m á breidd. Miðað við túnakortið virðist vegurinn þó hafa átt að liggja norðvestar á þessu svæði og er mögulegt að vegurinn sé yngri útgáfa af leiðinni.

Leiðin sést aftur þegar haldið er til norðausturs frá bæ SF-066:001 og sést þar lítilla niðurgrafinn slóði á sama stað og hann er merktur á túnakort, þó aðallega greinanlegur sem traktorsslóði. Leiðina má rekja áfram um 240 m til norðausturs frá bæ og yfir klettaholt. Við norðurenda holtins beygir traktorsslóðinn til ANA að Þjóðvegi 1. Gamla leiðin hefur haldið áfram til norðausturs að Smyrlabjörgum en sést ekki skýrt á yfirborði.

Heimildir: Herforingjaráðskort 97 NA; Túnakort 1918.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Tímabundið hættumat: stórhætta vegna framkvæmda.



Mynd 35. Gata 002 suðvestur af Uppsölum, horft til S.

SF-631:003 heimild um leið

Gata er merkt á herforingjaráðskort frá 1905. Hún lá frá Skálafelli til suðurs að tröðum SF-065:004 að Smyrlabjörgum og tengdi bæina tvo saman. Þar sem leiðin var í landi Smyrlabjarga er sléttað tún. Leiðin er horfin vegna sléttunar en hún gæti verð sjáanleg lengra norðan Jökulvegur sem liggur að Smyrlabjargarvirkjun. Þar er landsvæði sem ekki hefur verið raskað.

Heimildir: Herforingjaráðskort 97 NA; Túnakort 1918.

Hættumat: engin hætta.

Tímabundið hættumat: stórhætta vegna framkvæmda.

A 659707 N 417198



Mynd 36. Gata lá milli Skálafells og Smyrlabjarga en þar er hún horfin í tún, horft til NNA.

5. SAMANTEKT

Í þessari skýrslu er fjallað um niðurstöður fornleifaúttektar innan áhrifasvæða fyrirhugaðra jarðstrengja í gamla Borgarhafnarhreppi í Suðursveit, Austur-Skaftafellssýslu. Áhrifasvæðin eru þrjú (strengir 1-3) og liggja þau samtals tæplega 17 km leið í gegnum jarðir tólf lögbýla (sjá kort 1-3 í viðauka). Fyrsti stengurinn liggur milli Smyrlabjarga SF-065 og Uppsala SF-066 í Mörk og Tröllaskarða í landi Heggsgærðis SF-067 (Hestgerðis; um 5,5 km á lengd, sjá kort 1). Annar strengur er í Miðþorpi undir Kálfafellstindi. Legan er tvískipt (2a-2b), milli Brunna SF-070 og Kálfafellsstaðar SF-069, og milli Leitis SF-072 og Kálfafells innra SF-076 (um 1 km á lengd hvor, sjá kort 2). Hinn þriðji er í Fellshverfi og liggur meðfram þjóðveginum að sunnanverðu frá Steinavötnum í landi Steina SF-074 (einnig Sléttaleiti), um Breiðabólstaðartorfu (Breiðabólstaður SF-077, Gerði SF-075 og Hali SF-078) yfir til Reynivalla SF-079 (um 8 km á lengd (3a), sjá kort 3). Stuttur angi (3b) liggur út frá fyrirhugaðri legu vestan Steinavatna til norðurs um 1,15 km leið upp að litlu sumarbústaðahverfi á Klifatanga. Alls voru skráðar 46 fornminjar á 33 minjastöðum (tafla 1) innan áhrifasvæðis fyrirhugaðra jarðstrengja. Við úttektina voru einungis skráðar fornleifar sem féllu innan áhrifasvæða stengjanna (30 m breið, 15 m út frá streng til beggja átta) ásamt minjum sem voru það skammt utan við úttektarmörk að helgunarsvæði þeirra (15 m) náði inn fyrir umrædd áhrifasvæði. Engar friðlýstar minjar (100 m helgunarsvæði) verða fyrir áhrifum framkvæmda að þessu sinni. Línulegar fornleifar s.s. leiðir og garðlög, voru því eingöngu rakin innan áhrifasvæðis.

5.1. Saga svæðisins

Yfirlit yfir helstu elstu heimildir um lögbýlin sem koma við sögu í þessari skráningu má sjá í töflu 2. Samkvæmt Landnámu var landsvæði þetta numið af Hrollaugi Rögnvaldssyni, óskilgetnu afkvæmi Rögnvaldar Eysteinsonar Mærarjarls. Í sögunni nemur hann land austan frá Vesturhorni, allt vestur að Kvía úr Kvíárjökli sunnan Breiðamerkursands (yfir 80 km vegalengd). Þjó hann fyrst undir Skarðsbrekku í Hornafirði (nú í landi Horns SF-017) en flutti svo yfir að *Breiðabólstað í Fellshverfi*.²

Á þeim tímapunkti sem Hrollaugur flytur að *Breiðabólstað* á hann að hafa selt mikið af landnámi sínu í hendur annarra. Meðal annars til Úlfs vörskva (suður frá Heiðnabergsár til *Heggsgærðismúla* (nú Hestgerði) sem bjó að Skálafelli SF-064, austasta bæ í gamla Borgarhafnarhreppi (ásamt Sævarhólum SF-063).³ Í sama hreppi innan þessa svæðis eru jarðirnar *Smyrlabjörg* (12 hndr), *Uppsalar*

² ÍF I, bls. 314-317.

³ ÍF I, bls. 314-320.

Tafla 1. Skráðar minjar (46) innan áhrifasvæða í Borgarhafnarhreppi og þau áhrif sem þær verða fyrir vegna fyrirhugaðra jarðstrengja fyrir og eftir að vettvangsskráningu og endurbönnun á legu strengja var lokið (strengur 1 rauður, strengur 2 grænn, strengur 3 blár, fornleifar á fleiri en einni jörd hvítt).

Samtala	Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Ástand	Horfin vegna	Nálægð við fyrri miðlínu	Nálægð við seinni miðlínu	Almennt hættumat	Hættumat verkefnis
SF-065:004		heimild	traðir	ekki sést til fornleifar	vegagerðar	Leið liggur að hluta í gamla veginum á um 120 m kafla	Leið liggur að hluta í gamla veginum á 160 m kafla	hætta vegna ábúðar	stórhætta
SF-065:016		þúst	óþekkt	sést til		5 m frá miðlínu	Utan við áhrifasvæði	hætta vegna trjáræktar	engin hætta
SF-065:040		garðlag	óþekkt	hleðslur signar		5 m frá miðlínu	Utan við áhrifasvæði	engin hætta	engin hætta
SF-065:042_01		garðlag	kálgarður	hleðslur standa grónar		4 m frá miðlínu	9 m innan helgunarsvæðis	hætta vegna trjáræktar	hætta
SF-065:042_02		garðlag	kálgarður	hleðslur signar		5 m frá miðlínu	5 m innan helgunarsvæðis	hætta vegna trjáræktar	hætta
SF-065:043		garðlag	kálgarður	hleðslur standa grónar		6 m frá miðlínu	Utan við áhrifasvæði	hætta vegna trjáræktar	engin hætta
SF-065:044_01		garðlag	landamerki	hleðslur signar		Liggur austur-vestur skáhallt yfir strengialeið	11 m frá miðlínu	hætta vegna vatnsaga	stórhætta
SF-065:044_02		heimild	nátthagi	ekki sést til	óljóst	Leið yfir náttahagann	Í suðausturjaðri náttahaga	hætta v. vatnsaga	stórhætta
SF-066:001_01	<i>Uppsalar</i>	bæjarstæði	bústaður	sést til		Strengur liggur 5 m inn í bæjarhól úr suðaustri	Liggur 11 m inn í bæjarhól úr suðaustri	hætta vegna ábúðar	stórhætta
SF-066:001_02		heimild	heygarður	ekki sést til fornleifar	bygginga	19 m norðan miðlínu, helgunarsvæði	8 m norðan miðlínu	hætta vegna ábúðar	stórhætta
SF-066:002		heimild	kálgarður	ekki sést til fornleifar	túnasléttunar	4 m frá miðlínu	10 m sunnan miðlínu	hætta vegna ábúðar	stórhætta
SF-066:005		tóft	útihús	hleðslur signar		30 m frá miðlínu, helgunarsvæði	22 m frá miðlínu, helgunarsvæði	hætta vegna ábúðar	hætta
SF-066:018		garðlag	vörslugarður	hleðslur signar		Leið liggur í gegnum skarð á garðlagi	Leið liggur í gegnum skarð á garðlagi	hætta vegna ábúðar	stórhætta
SF-066:019		tóft	útihús	hleðslur signar		30 m frá miðlínu, helgunarsvæði	13 m frá miðlínu	hætta vegna ábúðar	stórhætta
SF-066:020_01		gerði	óþekkt	hleðslur signar		10-20 m frá miðlínu	10-20 m frá miðlínu	engin hætta	stórhætta
SF-066:020_02		tóft	útihús	hleðslur standa		Utan áhrifasvæðis	Utan áhrifasvæðis	engin hætta	engin hætta
SF-066:020_03		tóft	útihús	hleðslur standa grónar		Utan áhrifasvæðis	Utan áhrifasvæðis	engin hætta	engin hætta
SF-066:020_04		garðlag	vörslugarður	hleðslur signar		Utan áhrifasvæðis	Utan áhrifasvæðis	engin hætta	engin hætta
SF-069:005_01	<i>Ekra</i>	heimild	útihús	ekki sést til	bygginga	Utan áhrifasvæðis	Utan áhrifasvæðis	engin hætta	engin hætta
SF-069:005_02		heimild	kálgarður	ekki sést til	túnasléttunar	Utan áhrifasvæðis	Um 25 m norðan við miðlínu, helgunarsv.	engin hætta	hætta
SF-070:007_01		tóft	fijs	hleðslur standa grónar		20 m frá miðlínu, helgunarsvæði	21 m frá miðlínu, helgunarsvæði	hætta vegna ábúðar	hætta
SF-070:007_02		tóft	óþekkt	hleðslur signar		Um 29 m frá miðlínu, helgunarsvæði	Um 29 m frá miðlínu, helgunarsvæði	hætta vegna ábúðar	hætta
SF-076:006		heimild	útihús	ekki sést til	rasks	13 norðan við miðlínu	Utan áhrifasvæðis	hætta vegna ábúðar	engin hætta
SF-076:007		heimild	útihús	ekki sést til	rasks	Fast norðan við miðlínu	Utan áhrifasvæðis	hætta vegna ábúðar	engin hætta

SF-076:010		garðlag	kálgarður	hleðslur signar		25 m frá miðlínu, helgunarsvæði	Utan áhrifasvæðis	hætta vegna ábúðar	engin hætta
SF-076:021_01		garðlag	túngarður	hleðslur signar		Í gegnum garð	Í gegnum skarð á túngarði á 2 stöðum	hætta vegna ábúðar	stórhætta
SF-076:021_02		tóft	útihús	hleðslur signar		Í gegnum tóft	9 m norðan við miðlínu	hætta vegna ábúðar	stórhætta
SF-076_022		gerði	óþekkt	hleðslur signar		20 m frá miðlínu, helgunarsvæði	13-20 m frá miðlínu, helgunarsvæði	hætta vegna ábúðar	stórhætta
SF-076:023_01	<i>Sólvangur</i>	heimild	bústaður	ekki sést til	niðurrifs	14 m frá miðlínu	Utan áhrifasvæðis	hætta vegna ábúðar	engin hætta
SF-076:023_02		garðlag	skrautgarður	hleðslur signar		Fast norðan við miðlínu	Utan áhrifasvæðis	hætta vegna ábúðar	engin hætta
SF-074:008		tóft	beitarhús	hleðslur signar		Miðlína liggur yfir suðausturenda tóftar	15 m norðan miðlínu	engin hætta	stórhætta
SF-074:009		gerði	rétt	hleðslur signar		Utan áhrifasvæðis	Áhrifasvæði strengs 3b, 2 m inn á helgunarsvæði	hætta vegna rofs	hætta
SF-075:012		þúst	útihús	sést til		14 m frá miðlínu	Utan áhrifasvæðis	hætta vegna ábúðar	engin hætta
SF-075:013		þúst	útihús	sést til		3 m frá miðlínu	15 m frá miðlínu	hætta vegna ábúðar	stórhætta
SF-077:018		þúst	útihús	sést til		22 m sunnan við miðlínu, helgunarsvæði	22 m sunnan miðlínu, helgunarsvæði	hætta vegna ábúðar	hætta
SF-077:057	<i>Messugötur</i>	heimild	gata	ekki sést til fornleifar	sléttunar	Þvert yfir línusvæði norður-suður	Þvert yfir línusvæði norður-suður	hætta vegna ábúðar	stórhætta
SF-078:010		heimild	útihús	óljóst	sléttunar	Fast sunnan miðlínu	Fast sunnan miðlínu	hætta vegna ábúðar	stórhætta
SF-079:001_01	<i>Reynivellir/Miðbær/Neðribær yngri</i>	bæjarhóll	bústaður	ekki sést til fornleifar	sléttunar	Fast norðan áhrifasvæðis, helgunarsvæði	Fast norðan áhrifasvæðis, helgunarsvæði	hætta vegna ábúðar	hætta
SF-079:001_02		heimild	kálgarður	ekki sést til fornleifar	sléttunar	Innan áhrifasvæðis norðan miðlínu	Innan áhrifasvæðis norðan miðlínu	hætta vegna ábúðar	stórhætta
SF-079:005		heimild	útihús	ekki sést til fornleifar	vegagerðar	Um 20 m norðan við miðlínu, helgunarsvæði	Um 20 m norðan við miðlínu, helgunarsvæði	engin hætta	hætta
SF-079:006		heimild	útihús	ekki sést til fornleifar	vegagerðar	Um 25 m norðan við miðlínu, helgunarsvæði	Um 25 m norðan við miðlínu, helgunarsvæði	engin hætta	hætta
SF-079:012		heimild	traðir	ekki sést til	sléttunar	Innan áhrifasvæðis N miðlínu	Innan áhrifasvæðis N miðl.	hætta vegna ábúðar	stórhætta
SF-079:018	<i>Stöðull</i>	örnefni	kvíar	ekki sést til fornleifar	sléttunar	Miðlína liggur yfir svæðið, nákvæm staðsetning óljós	Miðlína liggur yfir svæðið, nákvæm staðsetning óljós	engin hætta	stórhætta
SF-631:001		gata	leið	sést til		Liggur yfir/meðfram miðlínu í landi Uppsala og Hestgerðis, situr í gamla veginum um 415 m; yfir strengjarleið fast vestan við Steinavötn sunnan Þjóðveggar 1; liggur með jaðri áhrifasvæðis í landi Reynivalla	Liggur yfir og meðfram miðlínu í landi Uppsala og Hestgerðis, situr í gamla veginum í landi Uppsala og Hestgerðis um 520 m, liggur á a.m.k. á 30 m kafla í landi Reynivalla	hætta vegna vegagerðar	stórhætta
SF-631:002		vegur	leið	sést til		Liggur yfir og meðfram miðlínu á tveim stöðum a og b	Liggur yfir og meðfram miðlínu á 2 stöðum a og b	hætta vegna ábúðar	stórhætta
SF-631:003		heimild	leið	ekki sést til	sléttunar	Liggur yfir/meðfram miðlínu	Liggur yfir/meðfram miðlín	engin hætta	stórhætta

Tafla 2. Heimildir um elstu jarðir í Borgarhafnarhreppi sem tengjast úttekt línustæða 1-3.

Heiti lögbýla	Jarðanr. 1847	Svæði	Elstu heimildir
Smyrlabjörg	SF-065	Mörk	Manntal 1703, Borgarhafnarhreppur, bls. 432.
Uppsali	SF-066	Mörk	1522-23, nefndir í söluskrá Teits lögmanns Þorleifssonar, eign Þykkvabæjarklausturs (DI IX, bls. 93, 190 og 273).
Heggsgærði (Hestgerði)	SF-067	Mörk	Landnám Hrollaugs Rögnvaldssonar (ÍF I, bls. 317), 1347 er þar bænhús (DI II, bls. 770-771).
Kálfafellsstaður	SF-069	Miðporp	Kálfafell er nefnt í Brennu-Njáls Sögu (ÍF XII, bls. 258). Óljóst er hvort fyrsti bærinn hefur verið að Kálfafelli eða Kálfafellsstað. Elstu heimild um kirkju, eru kirknaskrá Páls frá um 1200 og máldagar Ólafskirkju frá 1343 (DI XII, bls. 5; DI II, bls. 771).
Brunnar	SF-070	Miðporp	Manntal 1703, Borgarhafnarhreppur, bls. 432.
Kálfafell (innra)	SF-076	Miðporp	Manntal 1703, Borgarhafnarhreppur, bls. 433. Óljóst hvort fyrsti bærinn hefur verið að Kálfafelli eða Kálfafellsstað.
Steinar (Sléttaleiti)	SF-074	Fellshverfi	Nefndir í máldaga Þykkvabæjarklausturs 1523 (DI IX, bls. 190).
Gerði	SF-075	Fellshverfi, Breiðabólstaðartorfa	Manntal 1703, Borgarhafnarhreppur, bls. 433.
Breiðabólstaður	SF-077	Fellshverfi, Breiðabólstaðartorfa	Landnám Hrollaugss Rögnvaldssonar (ÍF I, bls. 314-320). Heimildir um hálfkirkju 1343, Blasíusarkirkja 1523 (DI II, bls. 771 og DI IX, bls. 188).
Hali	SF-078	Fellshverfi, Breiðabólstaðartorfa	Manntal 1801, Kálfafellssókn í Suðursveit, bls. 19.
Reynivellir	SF-079	Fellshverfi	Í máldaga Kálfafellskirkju 1343 er hálfkirkja og bænhús á Reynivöllum (DI II, 771) og er hún sögð Mariukirkja árið 1523 (DI IX, bls. 188).

(6 hndr) og Heggsgærði (nú Hestgerði; 12 hndr) en ekki er vitað hvenær þær byggjast fyrst. Örnefnið Heggsgærðismúli er nefnt í Landnámabók⁴ í tengslum við landnám Hrollaugs, en það er óljóst hvort örnefnið tengist býli sem heitir Heggsgærði eða mannvirki tengdu t.d. akuryrkju eða umönnun búpenings, sem verður seinna að lögbýli. Heggsgærði er þó nefnt mjög snemma í heimildum í máldaga Borgarhafnarkirkju árið 1343 í tengslum við bænhús⁵ sem þar var, sem gæti verið vísbending um að jörðin hafi byggst mjög snemma. Minnst er á Uppsalí árið 1522 í skrá um jarðir Teits lögmanns Þorleifssonar þar sem hann selur Ögmundi Skálholtsbiskupi Pálssyni (1521-1540) reka fyrir Uppsalalandi fyrir 4 hndr og í máldögum Þykkvabæjarklausturs 1523 er jörðin klausturseign⁶. Í byrjun 18. aldar voru þessar þrjár jarðir allar konungseign í byggð⁷ og eru byggð enn.

Í Brennu-Njáls sögu segir svo frá að Kolur Þorsteinsson frændi Síðu-Halls⁸ hafi búið á Kálfafelli. „Þaðan fóru þeir til Fellshverfis⁹ ok gistu at Kálfafelli. Þar bjó Kolr Þorsteinsson, frændi Halls, ok

⁴ ÍF I, bls. 317 og 319.

⁵ DI II, bls. 770-771.

⁶ DI IX, bls. 93 og 273; DI IX, bls. 190.

⁷ JÁM XIII, bls. 431-432; Manntal 1703, bls. 432.

⁸ Barnabarnabarn Hrollaugs Rögnvaldssonar landnámsmanns samkvæmt Íslendingabók, ÍF I, bls. 26.

⁹ Athugasemd skýrsluhöfundar. Hérna er Kálfafell sagt í Fellshverfi á meðan Byggðasaga Austur-Skaftafellssýslu skráir bæjabyrpinguna undir Kálfafellstindi í Miðporpi (BAS II; bls. 7). Örnefnið Fellshverfi gæti átt bæði við Fell suðaustan

tók hann við trú ok hjú hans ǫll¹⁰. Undir Kálfafellstindi í Miðþorpi eru frá austri til vesturs jarðirnar *Brunnar* SF-070 (3 hndr), *Kálfafellsstaður* SF-069 (10 hndr), *Leiti* SF-072 (3 hndr) og *Kálfafell innra* SF-076 (30 hndr). Ekki er vitað hvort bærinn sem nefndur er í Landnámu var að Kálfafelli innra eða að Kálfafellsstað. Í manntali 1703¹¹ eru fjórar hjáleigur í Miðþorpi; Brunnar, Svíri, Hellar og Leiti, og árið 1709 er hjáleigan Stöðull einnig nefnd¹². Árið 1847 var Kálfafellsstaður metinn á 22 hndr með hjáleigunum Brunnum, Hellrum, Leiti og Butru sem metnar voru á 3 hndr hver¹³. Séra Þorsteinn að Kálfafellsstað (1841-1877) greinir frá því í Sýslu- og sóknalýsingum sínum árið 1855¹⁴ að þrjár hjáleigur séu komnar í eyði í landi Kálfafellsstaðar. Í heimatúni lagði hann niður Butru og Leiti og flutti Hella að Fljótsbakka um 1850, en hjáleigurnar Svíri og Stöðull eru þá löngu farnar í eyði. Samkvæmt Byggðasögu Austur-Skaftafellssýslu var ábúð á Kálfafelli innra dreifð á 3-6 býli sem hétu Suðurhús, Austurhús, Miðhús og Upphús¹⁵ og sjást minjar þeirra þar ennþá efst í heimatúni.

Einar elstu heimildir um Ólafskirkju á Kálfafellsstað (beneficium¹⁶) eru kirknaskrá Páls frá því um 1200 og máldagar kirkjunnar frá árinu 1343¹⁷. Séra Þorsteinn að Kálfafellsstað greinir frá því að bænhús hafi verið á Breiðabólstað til forna og samkvæmt máldögum Kálfafells 1343 var hálfkirkja að Breiðabólstað, sem árið 1523 var sögð helguð heilögum Blasíusi¹⁸. Einnig var hálfkirkja að *Reynivöllum*, ásamt bænhúsi, árið 1343 (Maríukirkja 1523)¹⁹, en í dag (2024) eru aðeins kirkja og kirkjugarður til staðar að Kálfafellsstað í nálægð við úttektarsvæðið.

Austasta jörðin í Fellshverfi að *Steinum* SF-074 (12 hndr) var kirkjujörð Kálfafellsstaðarkirkju um aldamótin 1700²⁰. Steinar eru klausturseign í máldögum Þykkvabæjarklausturs árið 1523²¹ en sagt er frá í Byggðasögu Austur-Skaftafellssýslu hvernig þeir urðu eign Kálfafellskirkju um 1600. Samkvæmt heimildum voru Steinar færðir yfir í *Sléttaleiti* SF-074:004 á fyrri hluta 19. aldar (~1830-35) vegna grjóthruns og skriðuhlaupa úr Steinafjalli og ágangi Köldukvíslar á Steinasandi. Sléttaleiti var í byggð til 1952²². Til vesturs á Breiðabólstaðartorfunni eru svo þrjú aðgreind býli; landnámsjörðin Breiðabólstaður (15 hndr) sem nefnd var hér að ofan, ásamt hjáleigunum *Gerði*

Breiðamerkurjökuls og Kálfafell. Í þessari skýrslu er farið eftir venjum bænda á svæðinu á 20. öld sem endurspeglast í byggðasögu þeirra.

¹⁰ ÍF XII, bls. 258. Brennu-Njáls Saga er talin skrifuð í lok 13. aldar.

¹¹ Manntal 1703, bls. 432-433.

¹² JÁM XIII, bls. 431-432.

¹³ JJ, bls. 5.

¹⁴ SSS, bls. 135 og 140-141.

¹⁵ BAS II, bls. 214.

¹⁶ JÁM XIII, bls. 431-432.

¹⁷ DI XII, bls. 5; DI II, bls. 771.

¹⁸ SSS, bls. 140-141; DI II, bls. 771 og DI IX, bls. 188.

¹⁹ DI II, bls. 771; DI IX, bls. 188.

²⁰ JÁM XIII, bls. 432.

²¹ DI IX, bls. 190.

²² SSS, bls. 135-136; BAS II, bls. 239-240.

SF-075 (7,5 hndr) og *Hala* SF-078 (7,5 hndr). Ekki er vitað hvenær hjáleigurnar byggðust fyrst en Gerði hefur verið í byggð a.m.k. síðan um aldamótin 1700 og Hali er byggður um 1800²³.

Að lokum eru það svo *Reynivellir* SF-079 sem eru nú (2024) vestasti bær í byggð í gamla Borgarhafnarhreppi austan Breiðamerkurjökuls. Hrollaugur landnámsmaður gaf Þórði illuga land milli Jökulsár og Kvíaár og bjó hann á Felli (SF-080) við Breiða sem var áður vestar en Reynivellir, en það er nú horfið vegna ágangs Breiðamerkurjökuls og sanda hans²⁴. Í jarðabókinni í byrjun 18. aldar var kirkja að Felli²⁵ og samkvæmt séra Þorsteini Kálfafellsstaðarpresti var jörðin lengi aðsetur sýslumanna í Austur-Skaftafellssýslu. Talið er að jörðin hafi hæst verið metin á allt að 100 hndr en um miðja 19. öld hafði hún rýrnað svo mjög að hún var aðeins metin á 6 hndr²⁶. Tvær til þrjár hjáleigur voru einnig í landi Fells (Bakkinn, Borgarhóllinn og Brennhólar) og eru þær allar í byggð árið 1703²⁷. Nú eru allar þessar jarðir lagstar í eyði vegna landbrots. *Reynivellir* eru líklega byggðir út úr landi Breiðabólstaðar, en hvenær það átti sér stað er óljóst. Heimildir um Reynivelli (30 hndr) finnast í hinu Íslenska fornbréfasafni frá því snemma á 14. öld í máldaga Kálfafells²⁸. Samkvæmt Byggðasögu Austur Skaftafellssýslu voru mest þrír bæir í hnapp á Reynivöllum fram til 1868; Neðribær eldri, Miðbær SF-079:001 og Efribær SF-079:003. Þá lagðist niður byggð á vestasta bænum (Neðribær eldri) og Miðbær varð Neðribær yngri 001²⁹. Byggðasaga Suðursveitar er sannarlega löng og viðburðarík. Byggðin hefur lengi verið þétt og tekið miklum breytingum í gegnum aldirnar, sérstaklega í heimatúnum, þar sem búast má við að mannvistarleifar leynist undir margri þúfunni sem hafa þarf í huga við allar framkvæmdir.

5.2. Ástand skráðra minja.

Af þeim 46 minjum (tafla 1) sem skráðar voru á vettvangi innan og í nágrenni við áhrifasvæði strengja 1-3, reyndust 29 fornleifar vera innan svæðis (tafla 3) og voru þær allar metnar í mikilli hættu vegna framkvæmdanna. Við gerð hættumats er metið hvort hætta gæti steðjað að fornleifum ef ekki er gripið til sérstakra ráðstafana, en því er fyrst og fremst ætlað að vekja athygli á því að fyrirhugaðar framkvæmdir ógni umræddum minjastöðum. Í meirihluta tilfella var hættan hvorki talin óhjákvæmileg né ófyrstíðanleg. Í flestum tilfellum er mögulegt að komast hjá raski með tilfærslu á jarðstreng innan áhrifasvæða. Alls voru skráðar tíu fornleifar utan við áhrifasvæði jarðstrengjanna en helgunarsvæði þeirra (15 m) skarast við það. Gert er ráð fyrir að með aðgát megi hlífa öllum skráðum minjum við raski vegna framkvæmdarinnar. Skráðar voru einnig þrjár

²³ Manntal 1703, 433; Manntal 1801, bls. 19; SSS, bls. 136; BAS III, bls. 234.

²⁴ ÍF I, bls. 314-320; SSS, bls. 137; BAS II, bls. 244-245.

²⁵ JÁM XIII, bls. 432-433.

²⁶ SSS, bls. 137.

²⁷ Manntal 1703, bls. 433-434; Ö-Fell, bls. 1-2; BAS II, 244-245.


²⁸ JÁM XIII, bls. 432; DI III, 243-244; DI IX, bls. 188.

²⁹ BAS II, bls. 250.


Tafla 3. Staðsetning og dreifing minja milli jarða á úttektarsvæðum eftir vettvangsskráningu, fyrir og eftir úttekt á jarðstrengjum 1-3.

Heiti jarða	Jarðanr 1847	Eftir vettvangsskráningu			Eftir endurskoðun RARIK á leiðum strengja			
		Fjöldi innan áhrifasvæðis	Utan áhrifasvæðis	Helgunarsvæði innan áhrifasvæðis	Fjöldi innan áhrifasvæðis	Helgunarsvæði innan áhrifasvæðis	Utan áhrifasvæðis	Minjar í hættu
Smyrlabjörg	SF-065	8	0	0	3	2	3	5
Uppsalar	SF-066	4	3	2	3	3	3	6
Kálfafellsstaður	SF-069	0	2*	0	0	1	1	1
Brunnar	SF-070	0	0	2	0	2	0	2
Kálfafell (innra)	SF-076	6	0	2	3	1	4	4
Steinar (Sléttaleiti)	SF-074	1	1*	0	0	2	0	2
Gerði	SF-075	2	0	0	1	1	1	2
Breiðabólstaður	SF-077	1	0	1	1	1	0	2
Hali	SF-078	1*	0	0	1*	0	0	1
Reynivellir	SF-079	3	0	3	3	3	0	6
Fornl. á >1 jörð	SF-631	3	0	0	3	0	0	3
		29	6	10	18	16	12	34

*Minjar skráðar eftir vettvangsskráningu í apríl 2024 og endurskoðun RARIK á fyrirhugaðri legu jarðstrengja.



Mynd 37. Um 60% af skráðum minjum eru ennþá sjáanlegar að einhverju marki á yfirborði.



Mynd 38. Hlutfallslegt ástand (%) skráðra fornminja á úttektarsvæðunum þremur innan gamla Borgarhafnarbrepps.

minjar sem voru utan áhrifasvæðis vegna náninna tengsla við minjar á sama minjastað sem voru innan svæðis. Hér er um að ræða minjar SF-066:020_02-04 í heimatúni Uppsala með gerði SF-066:020_01 sem er að hluta innan áhrifasvæðis strengjar 1 (mynd 18).

Flestar fornleifar voru innan heimatúns við bæ og eru algengustu minjaflokkar útihús og kálgarðar ásamt garðlögum (vörslu- og landamerkja-) og gerðum sem að svo stöddu eru flest án skýrra hlutverka (mynd 37). Vegna landbúnaðarumbóta og uppbyggingar á 20. og 21. öld er algengt að lítið sjáist á yfirborði af minjum frá 19. öld og fyrr. Í þessari skráningu sjást þó um 60% af skráðum minjum (myndir 37 og 38) ennþá á yfirborði en varðveisla þeirra er í flestum tilvikum léleg (greinanlegar til illgreinanlegar). Ekki er vitað hvort minjar voru til staðar yfirhöfuð í tengslum við Stöðul SF-079:018 og Nátthaga SF-065_044_02 en aðrar minjar eru horfnar á yfirborði vegna bygginga, túnasléttunar og vegagerðar. Ekki er ljóst hvort leifar af horfnum minjum finnast enn undir yfirborði og er það hlutverk Minjastofnunar Íslands að úrskurða formlega um hvort og með hvaða skilmálum fornleifar megi víkja við framkvæmdir og hvort og þá hvaða mótvægisáðgerða er þörf til að koma í veg fyrir skemmdir.

5.3. Aðlögun legu jarðstrengs að skráðum minjum eftir vettvangsskráningu.

Eftir að vettvangsskráning fór fram voru gerðar uppástungur að hugsanlegum breytingum á strengjum 1-3 þar sem þörf var á. Uppmælingar og loftmyndir voru sendar til RARIK og Minjastofnunar Íslands til bráðabirgða með þeim fyrirvara að gögnin myndu breytast örlítið við frekari úrvinnslu.

Strengur 1. Smyrlabjörg - Uppsalar - Tröllaskörð

Skráðar voru 14 minjar á vettvangi (12 innan áhrifasvæðis og 2 v. helgunarsvæðis) innan og í næsta nágrenni jarðstrengjar 1 (kort 1 í viðauka) frá Smyrlabjargavirkjun í landi Smyrlabjarga í norðri, að Tröllaskörðum í landi Heggstaða í suðri. Upphaf hins upprunalega strengs (grænn á kortum og myndum) var austan við Smyrlabjargavirkjun í malarríkum bökkum Smyrlabjargaár. Fyrirhugaður strengur liggur að norðanverðu meðfram veginum heim að virkjuninni um 0,6 km til austurs, yfir og niður illa gróna kletta- og malarkamba. Engar minjar voru skráðar á þessum kafla. Þar sem strengur beygir yfir veginn niður í mýri til suðurs í átt að Smyrlabjörgum, var skráð garðlagsbrot **SF-065:040** sem gæti hafa verið áveitugarðlag eða hleðslur undir götu. Við endurskoðun var strengurinn færður um 100 m lengra til austurs (heil rauð lína á öllum kortum og myndum). Þannig var sneitt fram hjá garðlaginu alfarið og liggur áhrifasvæðið að mestu í sléttuðum túnum suðvestur í tengivirki við heimreið **SF-065:004**, um 150 m suðaustan og utan við bæjarhól SF-065:001 að

Smyrlabjörgum. Samkvæmt Herforingjaráðskorti Dana frá byrjun 20. aldar lá gata **SF-631:003** frá heimreiðinni um 230 m ASA við bæ, og lá um 3,9 km leið til norðurs yfir mýrarnar og Smyrlabjargaá, framhjá Skálafellsseli að austan verðu og yfir að Skálafelli SF-064. Nákvæm staðsetning götunnar er óljós vegna túnasléttunar norðaustan við bæ, en líklegt er að hún hafi legið uppá kambana á svipuðum stað og garðlag 040 stendur. Hugsanlega leifar af götu eru í kömbunum norðan Smyrlabjargavegar um 50 m norðvestan við garðlagsbrotið, en það er mjög óljóst og ætti ekki að verða fyrir tilfinnanlegum skemmdum vegna jarðstrengsins á þessu svæði. Ekki var talin nein ástæða til að færa strenginn til vegna þessarar leiðar.


Frá tengivirki við heimreið 004 liggur fyrirhugaður strengur yfir veginn heim að bæ, og beygir niður til suðausturs í átt að þjóðvegi 1. Strengurinn liggur þar í gamla malarveginum, sem sést ennþá fast suðvestan núverandi heimreiðar, á um 160 m löngum kafla, en engar greinilegar grjóthleðslur eru sjáanlegar í veginum svo ekki var talin ástæða til að mæla með breytingum á þessum stað (sjá mynd 8).

Þarna átti strengurinn að beygja til suðvesturs niður og inn í Uppsalagil norðan Uppsalaár, en lá þar hins vegar í gegnum miðjan nátthaga 044_02, alltof nálægt kálgörðum 043 og 042_01, sem og tóft SF-065:042_02 og þúst 016 með óþekkt hlutverk (sjá mynd 8). Þar hefði strengurinn einnig raskað landamerkjagaráð 044_01 fast suðvestan við nátthagann. Mælt var með því að færa jarðstrenginn þar til suðausturs. Við endurskoðun var strengurinn færður 23-28 m til suðausturs frá þessum minjum nær ánni. Hann liggur þó ennþá aðeins um 10 m frá grjóthlöðnum landamerkjagaráði **044_01** og sker suðausturhluta nátthagans **044_02**. Engin greinileg garðlög eru þó tengd þessum hluta hans og gæti Uppsalaá hafa dregið slíkar minjar á brott með sér á þessu svæði, ef þær voru yfirhöfuð til staðar.

Fyrirhugaður jarðstrengur mun liggja áfram til suðvesturs yfir Uppsalaá og upp úr Uppsalagili að þjóðvegi 1. Þegar komið er upp úr giliu mun strengurinn liggja meðfram veginum á um 300 m löngum kafla áður en hann sveigir til vesturs í átt að bæjarhólnum á Uppsölum SF-066:001 (mynd 39). Þar mun strengurinn liggja fast austur fyrir stórt gerði **SF-066:020_01** og sneiða framhjá lítilli garðlagstotu (12 m á milli) sem liggur þar út frá gerðinu til suðausturs (sjá mynd 18). Ekki var hægt að færa strenginn fjær á þessum stað vegna veghelgunnar Vegagerðarinnar (15 m frá þjóðvegi 1). Talið er þó að vel sé hægt að plægja strenginn niður á þessu svæði án þess að minjar verði fyrir raski.

Upprunalega átti strengurinn (grænn) að beygja frá þjóðvegi 1 til vesturs í átt að og liggja inn í bæjarhól SF-066:001 að Uppsölum að sunnanverðu, fast austan við heimreiðina (mynd 39). Sneiddi hann þar framhjá tóftum SF-066:005 og 019 án þess að hafa áhrif innan helgunarsvæða þeirra (15 m). Bæjarhóll Uppsala er greinilegur á yfirborði en búið er að slétta út gamla bænum

001_01, heygarði 001_02 og kálgarði 002 sem voru á þessu svæði í byrjun 20. aldar. Hægt er að greina óljósar leifar götu SF-631:002 sem lá til norðurs frá gamla þjóðveginum um heimatún heim að bæ (002a) og hinu megin áfram til norðausturs (002b) aftur niður á þjóðveg. Mælt var með að færa fyrirhugaðan jarðstreng við bæjarhól til suðvesturs yfir heimreiðina. Við endurskoðun var því breytt þó nokkuð heima við **bæjarhólinn 001**, en fært til norðausturs, og nær áhrifasvæði seinni legu strengs yfir **tóft 019** og inná helgunarsvæði **tóftar 005**. Einnig mun það hafa áhrif á leifar **götu 002b** austan við bæjarhól og bæjarhólinn sjálfan.



Mynd 39. Minjar innan heimatúns Uppsala SF-066 eins og það var afmarkað 1918. Endurskoðuð staðsetning fyrirhugaðs jarðstrengjar er merkt sem rauð heil lína (+15 m áhrifasvæði til beggja átta frá miðju).


Frá bæjarhól liggur fyrirhuguð lega áfram til suðvesturs út úr heimatúni framhjá leið SF-631:002a um 140 m við bæ, í gegnum skarð á **túngarði SF-066:018**. Legunni var ekki breytt neitt við endurskoðun á þessum kafla. Engar fleiri minjar voru skráðar innan þess aðrar en leifar af **gömlu þjóðleiðinni SF-631:001a og gamla malarveginum 001b í Stórahvammi að Tröllaskörðum** (mynd 33). Ekki er fullvíst að sjáanlegar götur á þessu svæði séu upprunalegar hestagötur, frekar en seinni tíma kindagötur. Engar grjóthleðslur voru þar heldur sjáanlegar í gamla veginum og var fyrirhugaðri legu ekki breytt öðruvísi en hún var lengd til suðurs um 115 m í gamla veginum.

Strengur 2a. Brunnar - Kálfafellsstaður

Strengur 2a (kort 2 í viðauka) er í Miðþorpi undir Kálfafellstindi. Fyrirhuguð lega liggur um sléttuð tún og graslendi til suðvesturs með fjallsrótum frá Brunnum SF-070, yfir að læknum Svíra þar sem það mun beygja til suðausturs framhjá Kálfafellsstaðarkirkju SF-069:002 og enda við heimreiðina heim að Kálfafellsstað, vestan við Hrollaugsstaði. Engar minjar voru skráðar á vettvangi aðrar en **fjós SF-070:007_01 og útihús 02** (mynd 20) sem eru rétt utan áhrifasvæðis heima við bæ á Brunnum. Ekki var hægt að breyta fyrirhugaðri legu vegna tengivirkis á svæðinu en litlar líkur eru taldar vera á því að tóftirnar séu í mikilli hættu vegna framkvæmdanna. Eftir vettvangsskráningu var lega strengsins breytt norðaustan við Kálfafellsstaðarkirkju. Legan var færð norðar, nær útihúsi SF-069:005_01 og kálgarði 02 í Ekru sem skráð voru eftirá af loftmynd (mynd 19). Ekkert sést af þessum minjum sem skráðar eru á túnakorti frá byrjun 20. aldar vegna seinni tíma fjárhúsbygginga. Áhrifasvæðið nær aðeins inn á helgunarsvæði kálgarðsins og ekki líklegt að framkvæmdir hafi mikil áhrif á minjar á þessum stað.

Strengur 2b. Leiti-Kálfafell

Strengur 2b (kort 2 í viðauka) mun liggja frá Leiti til vesturs yfir heimatún Kálfafells SF-076 (mynd 40) að heimreið þar sem hann mun beygja til suðurs meðfram veginum niður að brúnni yfir Kaldá.



Mynd 40. Minjar í nálægð við streng 2b innan heimatúns Kálfafells SF-076 líkt og það var afmarkað 1918.


Fyrirhuguð lega byrjar í tengivirki um 20 m VSV við gamla íbúðarhúsið að Leiti. Gamli malarborni þjóðvegurinn milli Leitis og Kálfafells er þar ennþá til staðar og hefur gamla þjóðleiðin SF-631:001d sem sýnd er á Herforingjaráðskorti Dana í byrjun 20. aldar líklega verið á svipuðum stað. Ekkert sést þó til hestagata eða eldra vegstæðis á svæðinu. Strengurinn mun liggja frá tengivirkinu sunnan við veginn um 130 m til suðvesturs inn í heimatún Kálfafells og beygja þar við ræsissturð til vesturs, suður fyrir bæjarhól SF-076:001, yfir að heimreiðinni að bæjarhúsunum. Ekkert var fyrirhugaðri legu til fyrirstöðu austur í túni.

Heima við bæ kom strax í ljós að fyrirhugaður strengur fór of nálægt bæjarhól SF-076:001 og kálgarði 010 gamla Kálfafellsbæjarins að sunnanverðu. Einnig átti strengurinn að fara yfir leifar skrautgarðsins í Sólvangi SF-076:023_02. Á túnakorti voru svo tvö útihús 006 og 007 í vesturenda túns fast sunnan við heimreiðina við bæ. Þó að þessi hús séu horfin af yfirborði í dag átti strengurinn að fara yfir áætlaða staðsetningu þeirra. Ekki er útilokað að hægt sé að finna leifar þessara húsa undir sverði. Þar sem strengurinn átti að beygja niður til suðurs meðfram heimreiðinni myndi hann einnig fara yfir túngarð SF-076:021_01 og tóft 021_02 og rétt vestur fyrir gerðisleifar SF-076:022. Mælt var því með því að strengurinn yrði færður fjær túngarði og lengra til suðurs. Að ósk ábúenda var legan endurskoðuð og færð 90-130 m í suður frá bæjarhól neðar í tún þar sem ekkert var til fyrirstöðu og var henni beint framhjá tóftum 006, 007 og 021_02 heim að núverandi útihúsum. Stefnt er að því að koma upp dreifistöð fast suðvestan við tóft 021_02. Fyrirhuguð lega strengsins liggur í gegnum tvö skörð á túngarði 021_01, um 9 m sunnan við tóft 021_02 og m 14 m norðan við gerði 022, áður en það beygir niður til suðurs meðfram heimreið í átt að þjóðvegi 1. **Túngarðurinn 021_02 og tóft 021_02** eru því í viðkvæmri stöðu, en þó ætti að vera hægt að leggja streng og setja upp tengivirki án þess að þrengja um of að þessum minjum.


Gamla þjóðleiðin SF-631:001d sem sýnd er á Herforingjaráðskorti Dana hefur legið til norðurs upp að Kálfafellsbæjunum á svipuðum stað og vegurinn er núna vestan heimatúns. Ekkert sést á yfirborði sem gæti verið ummerki um eldri götur á þessu svæði svo talið var ólíklegt að þörf yrði á að fara jarðstrenginn frá veginum á þessum stað.

Strengur 3a. Steinavötn - Breiðabólstaðartorfa – Reynivellir

Strengur 3a mun liggja fast vestan Steinavatna (sjá kort 3 í viðauka) og áfram til suðvesturs meðfram ströndinni framhjá bæjarstæðum Steina SF-074 og Sléttaleitis, í gegnum Breiðabólstaðartorfu (mynd 41) og yfir að Neðribæ yngri SF-079:001 á Reynivöllum, vestasta bænum í gamla Borgarhafnarhreppi (mynd 42). Í austurenda þessarar strengjarleiðar vestan Steinavatna má greina leifar af gamla þjóðvegi SF-631:001e en þær eru mjög óljósar og ólíklegt að þar þurfi breytingar á fyrirhugaðri strengleið.



Mynd 41. Minjar innan heimatúna á Breiðabólstaðartorfu líkt og þau voru afmörkuð 1918. Bæirnir á torfunni eru Breiðabólstaður SF-077 syðst, Gerði SF-075 til austurs og Hali SF-078 nyrst.



Mynd 42. Minjar innan heimatúns að Reynivöllum líkt og það var afmarkað 1918. Búið er að slétta bajarstaði Neðribæjar yngri SF-079:001.

Við ströndina, um 180 m SSA og neðan við Sléttaleiti, var beitarhústöft SF-074:008 skráð í miðju áhrifasvæðisins. Við endurskoðun var línar færð 15 m sunnar og eftir breytingu lendir bláendi tóftar rétt utan við norðanvert áhrifasvæðið.

Frá beitarhúsunum eru engar minjar skráðar innan áhrifasvæðis strengs fyrr en í heimatúnum á Breiðabólstaðartorfu, á bæjunum Breiðabólstað, Hala og Gerði. Sigríður G. Björgvinsdóttir skráði minjar á torfunni árið 2020³⁰ og hafði RARIK þegar beint leið strengsins í gegnum svæðið út frá þeirri minjaskráningu. Þegar túnakort frá 1918 var fellt yfir loftmynd út frá skráðum minjum fyrir vettvangsskráningu 2024 kom þó í ljós að þar voru fjögur útihús sem lentu innan áhrifasvæðis sem átti eftir að skrá (mynd 41). Rétt suðvestan Gerðis voru skráðar þústir útihúsa SF-075:012 og 013, ásamt þúst útihúss SF-077:018 rétt norðan Breiðabólstaðar, allar í sléttuðu túni. Samkvæmt heimildum lágu Messugötur SF-077:057 heim að Breiðabólstað þvert yfir áhrifasvæðið, en engin ummerki eru til staðar lengur á yfirborði vegna túnasléttunar. Að lokinni vettvangsskráningu var útihús SF-078:010 frá Hala skráð af loftmynd, en það hefur líklega verið sléttað og sést ekki á yfirborði. Við endurskoðun leiðarinnar var hægt að hliðra strengnum til svo að skráðar þústir lentu að mestu utan áhrifasvæðis, en ekki var hægt að færa strenginn við **minjastað 010** vegna tengivirkis sem þegar er á staðnum.

Vestan Breiðabólstaðartorfu liggur lega strengsins sunnan þjóðveggar allt að heimreiðinni á Reynivöllum, þar beygir lega hans til norðvesturs og heldur áfram yfir þjóðveginn og heim að bænum í sléttuðu túni suðvestan og neðan heimreiðar. Hægt er að greina óljósar leifar hestagatna á gömlu þjóðleiðinni um sveitina á tveimur stöðum, norðan Austurmýra SF-631:001f og suðvestan Leitis 001g (sjá kort 3). Ekki var talið líklegt að breyta þyrfti leið strengsins vegna þeirra. Sunnan heimreiðar að Reynivöllum var skráð örnefnið Stöðull SF-079:018 í sléttuðu túni, en nákvæm staðsetning hans er óljós og ekki er vitað hvort þar voru eiginleg mannvirki. Strengurinn mun koma að bæjarhól Neðribæjar yngri, þar sem bæjarhúsin SF-079:001_01 og kálgarður 001_02 voru áður. Samkvæmt túnakorti frá 1918 voru einnig tvö útihús SF-079:005 og 006 á þessu svæði. Allar þessar minjar eru horfnar á yfirborði vegna sléttunar, vegagerðar og bygginga. Fyrir endurskoðun var talið að leið strengjar myndi liggja of nærri gamla bæjarstaðinu og bent á að hugsanlega væri heppilegt að færa legu þar aðeins vestar. Við endurskoðun kom þó í ljós að þegar er búið að grafa fyrir öðrum lögnum á þessum kafla svo ekki var talin ástæða til að breyta fyrirhugaðri legu jarðstrengs heim að Reynivöllum.

³⁰ Sigríður G. Björgvinsdóttir, 2020.


Strengur 3b. Steinar - Klifatangi

Strengur 3b (kort 3 í viðauka) er stuttur angi frá þjóðvegi 1 til norðurs inn í sumarbústaðabyggð uppá Klifatanga í landi Steina SF-074. Leið strengs mun fara framhjá tóft SF-074:009 og nær áhrifasvæðið inná helgunarsvæði tóftarinnar. Auðvelt ætti að vera að forðast tóftina við lagningu strengsins.

Niðurstöður

Lokaniðurstaða er því sú að eftir vettvangsskráningu (A) og endurskoðun RARIK á leiðum strengja (B, sjá mynd 43) var búið að forða sjö fornminjum frá mögulegu raski, en eftir standa 34 minjar sem eru innan áhrifasvæðis og/eða helgunarsvæði þeirra er skorið. Eru tuttugu og tvær þeirra (um 60%) að hluta eða allar innan áhrifasvæða strengjanna (tafla 4). Níu þeirra (40%) eru horfnar af yfirborði vegna rasks síðustu tvo áratugi. Strengjum hefur verið að mestu verið hliðrað þannig til að það ætti að vera að mestu hægt að komast hjá því að raska fornleifum sem varðveist hafa á yfirborði. *Taka skal fram að Minjastofnun Íslands mun þó þurfa að úrskurða um hvort og þá hvaða mótvægisáðgerða er þörf vegna þessara minja áður en framkvæmdir fara fram.*

Fjöldi minja milli svæða fyrir (A) og eftir endurskoðun strengjaleiða (B)



Mynd 43. Fjöldi og staðsetning minja á úttektarsvæðum eftir vettvangsskráningu fyrir (A) og eftir (B) endurskoðun strengjaleiða. Eftir tilfærslur línustæða eru 34 minjar innan og í næsta nágrenni við áhrifasvæði jarðstrengsins (sjá töflur 3 og 4).

Tafla 4. Minjar í innan við 15 m fjarlægð frá áhrifasvæði fyrirbugaðs jarðstrengs. Tuttugu og tvær þeirra gátu orðið fyrir raski vegna framkvæmdarinnar en þar af sést ekkert á yfirborði á níu stöðum þar sem minjar gátu verið borfnar vegna rasks á 20. og 21. öld.

Samtala	Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Ástand	Horfin vegna	Nálægð við miðlínu
SF-065:004		heimild	traðir	ekki sést til	vegagerðar	Strengur liggur að hluta í gamla veginum á 160 m löngum kafla
SF-065:044_01		garðlag	landamerki	hleðslur signar		Suðurendi garðlags um 11 m norðan miðlínu
SF-065:044_02		heimild	nátthagi	ekki sést til	óljóst	Í suðausturjaðri náttuga, engin greinileg mannvirki
SF-066:001_01	<i>Uppsalar</i>	bæjarstæði	bústaður	sést til		Liggur 11 m inn í bæjarhól úr suðaustri
SF-066:001_02		heimild	heygarður	ekki sést til	bygginga	8 m norðan miðlínu
SF-066:002		heimild	kálgarður	ekki sést til	túnasléttunar	10 m sunnan miðlínu
SF-066:018		garðlag	vörslugarður	hleðslur signar		Strengur lagður í gegnum skarð á garðlagi
SF-066:019		tóft	útihús	hleðslur signar		13 m norðan miðlínu
SF-066:020_01		gerði	óþekkt	hleðslur signar		10-20 m frá miðlínu
SF-074:008		tóft	beitarhús	hleðslur signar		15 m norðan miðlínu
SF-075:013		þúst	útihús	sést til		15 m frá miðlínu
SF-076:021_01		garðlag	túngarður	hleðslur signar		Strengur í gegnum skarð á túngarði á 2 stöðum
SF-076:021_02		tóft	útihús	hleðslur signar		9 m norðan við miðlínu
SF-076_022		gerði	óþekkt	hleðslur signar		13-20 m frá miðlínu, helgunarsvæði
SF-077:057	<i>Messugötur</i>	heimild	gata	ekki sést til	sléttunar	Þvert yfir leið strengjar norður-suður
SF-078:010		heimild	útihús	óljóst	sléttunar	Fast sunnan miðlínu
SF-079:001_02		heimild	kálgarður	ekki sést til	sléttunar	Innan áhrifasvæðis norðan miðlínu
SF-079:012		heimild	traðir	ekki sést til	sléttunar	Innan áhrifasvæðis norðan miðlínu
SF-079:018	<i>Stöðull</i>	örnefni	kvíar	ekki sést til	sléttunar	Miðlína liggur yfir svæðið, nákvæm staðsetning óljós
SF-631:001		gata	leið	sést til		Liggur yfir og meðfram miðlínu í landi Uppsala og Hestgerðis, situr í gamla veginum um 520 m; Leifar sunnan þjóðvegjar vestan Steinavatna; Liggur á a.m.k. á 30 m kafla í landi Reynivalla
SF-631:002		vegur	leið	sést til		Liggur yfir og meðfram miðlínu á tveim stöðum a og b
SF-631:003		heimild	leið	ekki sést til	sléttunar	Liggur yfir og meðfram miðlínu

..

6. HEIMILDASKRÁ

- BAS II:** Kristján Benediktsson og Þorsteinn Guðmundsson, 1972. *Byggðasaga Austur-Skaftafellssýslu*. II. bindi. Mýrar og Suðursveit. Reykjavík: Bókaútgáfa Guðjónsó.
- DI:** Diplomatarium Islandicum (Íslenzkt fornbréfasafn) 1857-1950. I.-XV. bindi. Kaupmannahöfn og Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.
- Hkort:** Dönsku herforingjaráðskortin nr. 97 NV & 97 NA. 1905-1915. Landsbókasafn Íslands, www.islandskort.is.
- ÍF I:** *Íslenzke fornrit I*, 1968. Íslendingabók. Landnáma. Jakob Benediktsson (ritstjóri). Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag.
- ÍF XII:** *Íslenzke fornrit XII*, 1965. Brennu-Njáls Saga. Einar Ól. Sveinsson (ritstjóri). Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag.
- JÁM:** *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*, 1990. XIII. Bindi. Fylgiskjöl. Reykjavík: Hið íslenska fræðafélag í Kaupmannahöfn.
- JJ:** J. Johnsen, 1847. *Jarðatal á Íslandi*. Kaupmannahöfn: S. Trier.
- Manntal 1703*, 1924-1947. Ásamt manntali 1729 í þremur sýslum. Reykjavík: Hagstofa Íslands og Gutenberg. Aðgengilegt á timarit.is.
- Manntal 1801*, 1978. Suðuramt. Reykjavík: Ættfræðifélagið og Prentsmiðjan Hólar hf.
- Sigríður G. Björgvinsdóttir, 2020. *Fornleifaskráning í landi Breiðabólstaðarbæja í Suðursveit, Sveitafélaginu Hornafirði*. Höfn: Menningarmiðstöð Hornafjarðar. Verknúmer MÍ 2093.
- SSS:** *Skaftafellssýsla*. Sýslu- og sóknarlýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1873, 1997. Reykjavík: Sögufélag.

Óútgefnar heimildir:

- Lofmyndir LMÍ 1989 og 1994*. Suðursveit. Loftmyndasjá Landmælingar Íslands, 2024. Aðgengilegar á: <https://www.lmi.is/is/vefsjar/korta-og-loftmyndasofn/loftmyndasafn>
- Örnefnalag LMÍ*. Kortasjá Landmælinga Íslands, 2024. Aðgengileg á: <https://kortasja.lmi.is/mapview/?application=kortasja>
- Túnakort*, 1918. Borgarhafnarhreppur, Austur-Skaftafellssýslu. 1:2000. Teiknari: Halldór Eyjólfsson, Hólmi. Reykjavík: Þjóðskjalasafn Íslands. Aðgengilegt á: https://gamalt.skjalasafn.is/tunakort_i_thjodskjalasafni_islands

Örnefnaskrár: Aðgengilegar á nafnid.is

- Ö-Smyrlabjörg:** Örnefnaskrá Smyrlabjarga. Stefán Einarson, 1961. Árnastofnun, Reykjavík.
- Ö-Uppsali:** Örnefnaskrá Uppsala. Stefán Einarsson, 1961. Árnastofnun, Reykjavík.
- Ö-Breiðabólstaður:** Örnefnaskrá Breiðabólst. Stefán Einarsson, 1961. Árnastofnun, Reykjavík.
- Ö-Reynivellir:** Örnefnaskrá Reynivalla. Stefán Einarsson, 1961. Árnastofnun, Reykjavík.
- Ö-Fell:** Örnefnaskrá Fells. Stefán Einarsson, 1961. Árnastofnun, Reykjavík.
- Ö-Kálfafellsstaður:** Örnefnaskrá Kálfafellsst. Stefán Einarsson, 1961. Árnastofnun, Reykjavík.
- Ö-Kálfafell:** Örnefnaskrá Kálfafells. Stefán Einarsson, 1961. Árnastofnun, Reykjavík.


Viðaukar

Viðauki 1 - Hnitaskrá ISN93


Samtala	minj_id	A	N
SF-065:004	3230_01	659433	416792
SF-065:016	3230_02	659464	416653
SF-065:040	3230_03	659760	417732
SF-065:042_01	3230_04	659477	416668
SF-065:042_02	3230_05	659483	416680
SF-065:043	3230_06	659446	416637
SF-065:044_01	3230_07	659442	416597
SF-065:044_02	3230_08	659473	416627
SF-066:001_01	3230_09	659040	416137
SF-066:001_02	3230_10	659046	416151
SF-066:002	3230_11	659056	416128
SF-066:005	3230_12	659162	416141
SF-066:018	3230_13	659033	415949
SF-066:019	3230_14	659143	416135
SF-066:020_01	3230_15	659243	416232
SF-066:020_02	3230_16	659210	416213
SF-066:020_03	3230_17	659237	416267
SF-066:020_04	3230_18	659214	416231
SF-069:005_01	3230_19	651839	412628
SF-069:005_02	3230_20	651853	412619
SF-070:007_01	3230_21	652100	413061
SF-070:007_02	3230_22	652095	413067
SF-074:008	3230_23	647216	407420
SF-074:009	3230_24	647794	409260
SF-075:012	3230_25	645467	406235
SF-075:013	3230_26	645429	406232
SF-076:006	3230_27	650878	412352
SF-076:007	3230_28	650911	412352
SF-076:010	3230_29	651065	412402
SF-076:021_01a	3230_30	650861	412307
SF-076:021_01b	3230_31	650870	412247
SF-076:021_02	3230_32	650863	412333
SF-076:022	3230_33	650861	412236
SF-076:023_01	3230_34	650994	412376
SF-076:023_02	3230_35	651000	412367
SF-077:018	3230_36	645287	406168
SF-077:057	3230_37	645372	406215
SF-078:010	3230_38	645202	406313
SF-079:001_01	3230_39	642945	406643
SF-079:001_02	3230_40	642944	406627
SF-079:005	3230_41	643083	406562
SF-079:006	3230_42	642999	406611
SF-079:012	3230_43	642967	406610
SF-079:018	3230_44	643143	406480
SF-631:001a	3230_45	658104	414688
SF-631:001b	3230_46	658052	414218
SF-631:001c	3230_47	651519	412353
SF-631:001d	3230_48	650839	412259
SF-631:001e	3230_49	648797	409565
SF-631:001f	3230_50	643539	406469
SF-631:001g	3230_51	643184	406469
SF-631:002a	3230_52	659013	416000
SF-631:002b	3230_53	659106	416163
SF-631:003	3230_54	659707	417198

Viðauki 2 - Minjakort

Kort 1. Strengur 1 frá Smyrlabjörgum í norðri að Tröllaskörðum í suðri.



Kort 2. *Strengir 2a og 2b í Miðþorpi undir Kálfafellstindi.*



Kort 3. *Strengir 3a og 3b í Fellshverfi frá Steinavötnum í austri að Reynivöllum í vestri.*

